# Höfði á Höfðaströnd

## Fornleifaskráning

## fyrir aðalskipulag



Þórðarhaugur. Horft til húsa á Höfða á Höfðaströnd

**Katrín Gunnarsdóttir**
**Sigríður Sigurðardóttir**
**júlí 2003**

13

BYGGÐASAFN SKAGFIRÐINGA GLAUMBÆ

**Inngangur** ........ 3
**1 Tilgangur fornleifaskráninga** ........ 4
**2 Aðferðir** ........ 5
2.1 Aðferð við skráningu ........ 5
2.2 Jarðanúmer ........ 5
2.3 Tegund, hlutverk og heiti ........ 5
2.3 Lega ........ 6
2.4 Staðhættir og lýsing ........ 6
2.6 Heimildir ........ 7
**3. Saga Höfða (146547-341) og fornleifar** ........ 7
3.1 Náttúrufar og jarðabætur ........ 8
3.2 Örnefni ........ 9
3.3 Aðrar upplýsingar ........ 9
3.4 Fornleifaskrá fyrir Höfða ........ 11
3.6 Fornleifar við Búðarhól / Höfðabúð ........ 37
3.7 Fornleifar utan túns, sunnan ár og norðan. ........ 48
3.8 Fornleifar á Höfðadal og í Höfðahvammi ........ 50
3.9 Fornleifar í Þórðarhöfða ........ 52
**Samantekt** ........ 56
**Heimildaskrá** ........ 57

## Inngangur

Fornleifaskráning fyrir Höfða á Höfðaströnd í Skagafirði er nauðsynleg grunnrannsókn svo hægt sé að skipuleggja jörðina og nýta án þess að raska búsetuminjum.

Byggðasafn Skagfirðinga skráði jörðina að ósk skipulagsyfirvalda Sveitarfélagsins Skagafjarðar fyrir aðalskipulag og vegna væntanlegs sumarbústaðar, sem óskað hefur verið leyfis til að staðsetja í Höfðagerði, sem einu sinni var hjáleiga frá Höfða. Skráðar eru fornleifar á allri jörðinni en lögð var áhersla á að staðsetja, teikna og ljósmynda minjar við og á bæjarhólnum á Höfða, í Höfðagerði og á Búðarhöfða, sem einnig var hjáleiga í landi Höfða.

Fornleifaskráningin fór fram á tímabilinu 18.-30. júní 2003 og úrvinnsla fyrstu vikuna í júlí. Við heimildaleit og skráningu í Sarp, gagnagrunn þjóðminjavörslunnar, og skýrslugerð unnu Katrín Gunnarsdóttir fornleifafræðingur og Sigríður Sigurðardóttir sagnfræðingur. Katrín Gunnarsdóttir gekk svæðið ásamt Rósmundi G. Ingvarssyni höfundi örnefnalýsingarinnar fyrir Höfða frá 2001 og Friðriki V. Antonssyni bónda á Höfða. Katrín mældi upp, staðsetti minjar, teiknaði myndir og ljósmyndaði.

Bestu þakkir eru til Friðriks V. Antonssonar, Guðrúnar Þórðardóttur og Rósmundar G. Ingvarsonar fyrir veitta aðstoð.

Glaumbæ 9. júlí 2003
Sigríður Sigurðardóttir

# 1 Tilgangur fornleifaskráninga

Þjóðminjalög nr. 107/2001 kveða á um þá skyldu að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess. Einnig að sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð, í samræmi við skipulagslög, eigi að standa straum af kostnaði við skráninguna (sjá 11. gr. Þjml.107/2001).

Lögin kveða á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að menningararfi liðinna kynslóða verði skilað óspilltum til framtíðar, auðvelda aðgang að þeim, kynna þær og greiða fyrir rannsóknum. Til að það gangi eftir er nauðsynlegt að vanda skráningu minja í umhverfinu og hafa víðtækar og aðgengilegar upplýsingar um þær. Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að a) taka ákvarðanir um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum, b) sinna rannsóknum um minjaumhverfið og kynna það.

Fornleifar eru skilgreindar (sjá 9. gr. Þjml.107/2001) sem:

> [...] *hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:*
>
> a. *búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;*
> b. *vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;*
> c. *gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;*
> d. *gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;*
> e. *virki og skansar og önnur varnarmannvirki;*
> f. *gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;*
> g. *áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;*
> h. *haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;*
> i. *skipsflök eða hlutar úr þeim.*

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...]. Fornleifar eru friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „*spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins*.“ Þetta á við um allar fornleifar, óháð friðlýsingu og hér má að minna á að friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Fulltrúi Fornleifaverndarinnar hér er Minjavörður fyrir Norðurland vestra. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr. Þjml.107/2001). Það er allra hagur að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði og fyrir framkvæmdaaðila vinnst a.m.k. tvennt. Unnt er að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu svæðisins. Þá minnka stórlega líkur á að framkvæmdaaðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, og nauðsynlegt reynist að rannsaka

með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum. Fornleifaskráning sameinar því bæði hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum. Björgunaruppgröftur, sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaaðilum er hvorki æskilegur fyrir þá né frá sjónarmiði fornleifafræðinnar.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins um framkvæmdirnar með fyrirvara. Fornleifavernd getur, ef svo ber undir, krafist þess að framkvæmdum verði frestað uns fornleifarannsókn hefur farið fram. Þeir, sem standa fyrir meiri háttar framkvæmdum, bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna (sjá 14. gr. Þjml.107/2001).

# 2 Aðferðir

Fornleifaskráning tekur yfir Höfða og hjáleigurnar Höfðagerði, sem nú er oftar kallað Kot og Búðarhól. Sérstaklega er tekið tillit til fyrirhugaðrar lóðar fyrir sumarbústað, sem óskað hefur verið leyfis til að staðsetja sunnan Höfðaár, á gamla bæjarhólnum á Höfðagerði. Minjar í Þórðarhöfða og á Höfðadal eru tíundaðar í sérköflum. Upplýsingum um minjar á þeim svæðum hefur verið safnað saman en þær hafa ekki verið staðsettar eða útmældar. Samtals voru skráðar 95 minjar og 75 skoðaðar og staðsettar. Þar af hafa 73 verið staðsettar á loftmyndum.

## 2.1 Aðferð við skráningu

Hin eiginlega skráning er í 3. kafla skýrslunnar er nefnist „Saga jarðar og fornleifar“. Helstu heimildir hafa verið kannaðar svo sem jarðabækur, örnefnaskrár, fornrit, sóknalýsingar og aðrar ritaðar heimildir, ásamt kortum. Allar upplýsingar eru skráðar í Sarp, gagnagrunn minjavörslunnar. Form skráarinnar miðast við áherslur sem miðað er við í Sarpi. Í sögulega yfirlitinu er gerð grein fyrir nýtingu jarðanna í tímans rás, breytingum, atburðum og öðrum þáttum sem varpa ljósi á sögu byggðar, búskap og nytjar. Í skránni er sérstaklega tekið fram ef um friðlýstar minjar er að ræða.

## 2.2 Jarðanúmer

Býlið eru auðkennt með tveimur númerum; landsnúmeri sem Fasteignamat ríkisins hefur úthlutað og númeri sem gefið var við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847.[1] Höfði hefur samkvæmt því númer 146547-341. Þetta helgast af því að í Fornleifaskrá Sarps eru fornleifarnar flokkaðar eftir jörðum samkvæmt þessu númerakerfi. Búðarhóll og Höfðagerði eru skráðar á sama númer.

## 2.3 Tegund, hlutverk og heiti

Í örfáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um er að ræða tóftir bæja eða útihúsa, túngarða eða annarra kennileita.

Stundum sjást fornleifar ekki í landslaginu, þótt þeirra sé getið í heimildum. Kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að gengið er út frá „heimild“ um t.a.m. vatnsmyllu og er hún þá skráð sem slík. Leitast er við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er, því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, t.d. Málmeyjarseti, Þórðarhaugur, þá er það sérstaklega skráð, en ef engu sérnafni er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki minjanna er lýst þar sem sérnafn stæði annars, t.d. fjárhús eða brunnur.

[1] J. Johnsen, 1847. Jarðatal á Íslandi.




## 2.3 Lega

Samkvæmt Landamerkjaskrá fyrir Höfða í Hofshreppi frá 1889 nær jörðin utan frá svokölluðum  Þórislækjarós, sem er utarlega í Sandvík, í beina stefnu í gamalt garðmót (Garðmótið er horfið í dag vegna skurðar sem hefur verið grafinn á sama stað) uppi í Sandvíkinni, er sést af veginum. Á þessum kafla voru tvær merkjavörður til glöggvunar (horfnar í dag). Frá garðmótinu liggja merkin til móts við Róðhól, eftir svokölluðum Mjóadal og í beina stefnu upp í klettabelti sem liggur niður úr Róðhólshnjúknum. Rekamark eða merki á malarkambinum niður við sjóinn, er bein lína úr Þórislækjarós yfir mölina til sjávar. Að sunnan á móti Vatni ræður Gljúfurá merkjum neðan frá Höfðavatni og upp að svokölluðum Rjúpnahól, sem er framarlega á Gljúfurárdalnum austan við ána. Úr honum ræður bein lína til fjallseggja. Á móti Bæ ræður svokallað Gerðisvíkurnef í Þórðarhöfða austur við vatnið merkjum. Úr því er bein lína yfir Þórðarhöfða í skarðið utan við Herkonuklett framan í höfðabrúninni. Rekamerki milli jarðanna er bein vinkillína úr vatnshorninu sunnan við Búðarbrekkur á Þórðarhöfða yfir malarkambinn til sjávar. Bær á ítakalaust rekaland þar fyrir sunnan og Höfði ítakalaust rekaland frá þessum merkjum út að Þórislækjarósi.[2]

## 2.4  Staðhættir og lýsing

Í kafla um staðhætti og lýsingu er minjunum lýst að formi, umfangi og ástandi. Minjastaðir eru staðsettir með GPS hnitum og merktir inn á loftmyndir frá Landmælingum Íslands N 5216 / 417725 í mælikvarðanum 1:4000. Minjastaðir eru einnig staðsettir eftir ljómyndum, mældir og teiknaðir. Í skýrslunni eru 37 flatarteikningar. Greinarmunur er gerður á minjunnum með mismunandi lit eftir því hvaða býli þær tilheyrðu. Gulbrúnn er fyrir Höfða, grænn fyrir Höfðagerði og brúnn fyrir Búðarhól.

## 2.5  Hættumat

Lagt er mat á hættu sem að fornleifum kann að stafa af völdum náttúru og manna, til þess að unnt verði að grípa til viðeigandi ráðstafana ef talin er hætta á að minjar verði fyrir raski.

Hættumatið felst í þrennu:

a) Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum.

b) Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar geti máðst burtu fyrir áhrif veðurs og vinda, regnvatns eða uppblásturs.

---

[2] Landamerkjaskrá fyrir Höfða í Höfðahreppi, dags. 24. júní 1889.

c) Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum sjávar, skriðufalla og flóða.
Við skipulag framkvæmda er nauðsynlegt að taka tillit til þessara heimilda og fara varlega á svæðum þar sem fornleifar geta hugsanlega leynst undir sverðinum.

### 2.6 Heimildir

Vísað er í heimildir við hverja skráða fornleif. Ræðst það af því að skráning hverrar fornleifar á að geta staðið ein og óstudd af öðru efni skýrslunnar. Heimildir sem stuðst er við í öðrum köflum er getið neðanmáls.

## 3. Saga Höfða (146547-341) og fornleifar

Höfði er ysti bær á Höfðaströnd, landnámsjörð og fornt höfuðból. Höfðaströndin sjálf sem nær frá Höfðahólum að Óslandshlíð er kennd við Þórðarhöfðann. Landnáma segir: „Þórðr hét maðr ágætr. Hann var sonr Bjarnar byrðusmjörs, Hróaldssonar hryggs, Bjarnarsonar járnsíðu, Ragnarssonar loðbrókar. Þórðr fór til Íslands ok nam Höfðastönd í Skagafirði á milli Unadalsár ok Hrolleifsár ok bjó at Höfða. Þórðr átti Þorgerði, dóttur Þóris hímu ok Friðgerðar, dóttur Kjarvals Írakonungs. Þau áttu nítján börn“[3]11 syni og 8 dætur. Þau tóku sér bólfestu norðaustan við Höfðavatn í skjólsælum hvammi suðvestan undir svonefndum Höfðahólum, sem munu vera framhlaup úr Róð(u)hólshnjúk og nefndu bæ sinn Höfða eftir höfðanum hinum mikla sem kenndur var við Þórð, skammt vestur undan bænum. Þorfinnur karlsefni og Snorri sonur hans er fæddist í Ameríku um 1004 voru í 3. og 4 ættlið frá Þórði og Þorgerði og afkomendur þeirra Guðríðar Þorbjarnardóttur og Þorfinns voru biskuparnir Þorlákur Runólfsson í Skálholti 1118-1133, Björn Gilsson á Hólum 1147-1262, Brandur Sæmundsson á Hólum 1163-1201. Synir Sturlu og Guðnýjar voru afkomendur Þórðar og Þorgerðar í 9. lið. Frá þeim var ætt Sturlunga.

Höfði var talinn 60 hundruð að dýrleika að fornu mati. Þá voru taldar með eyðihjáleigurnar Höfðagerði sem fór í eyði eftir aldamótin 1700 og sjóbúðin Höfðabúð sem fór í eyði í Móðuharðindunum. Tveir ábúendur voru á jörðinni árið 1709. Landskuld af allri jörðinni var 3 hundruð og átti að greiðast í landaurum og smjöri. Kvaðir voru engar. Ábúendur voru með: 7 kýr, 1 kálf, 51 ær, 31 lömb og 4 hross.

Árið 1709 segja Eggert og Bjarni í jarðalýsingu sinni að skógur hafi verið góður á Höfða, en að þrotum kominn svo að heimamenn hafi naumlega til kolagjörðar. Torfrista og stunga var léleg, en móskurður til eldiviðar þokkalegur. Lyng- og hrísrif var bjarglegt til eldiviðarstyrks. Silungsveiði var góð í Höfðavatni. Heimræði var til sjávar árið um kring þótt brimasamt væri við ströndina. Hrognkelsaveiði hafði verið stunduð, en aflögð þarna í byrjun 18. aldar. Eggver hafði verið gott undir Þórðarhöfða af æðarfugli, en var horfið 1709. Reki var góður en misjafnlega heppnaðist að ná honum.

Kirkju er fyrst getið á Höfða í máldaga Auðuns Þorbergssonar biskups hins norska á Hólum 1318 og hefur vafalaust verið frá fyrstu öld kristni. Hún var lögð niður árið 1891. Höfðakirkja var útkirkja frá Felli og: Málmey, Höfði, Vatn, Mannskaðahóll, Mýrakot og Bær ásamt hjáleigum kirkjusókn áttu að henni.

Jörðin var eign biskupsstólsins á Hólum til 1802 er hún var seld. Um 1890 voru höfð makaskipti á Höfða og prestsetrinu Felli í Sléttuhlíð. Höfði var prestsetur frá 1891 - 1908.

---

[3] Íslendinga sögur I. Landssaga og landnám, 1946. Bls. 139



Horft frá Búðarhól í austur að Höfðadal og bænum á Höfða. Lengst til hægri er elsta uppistandandi íbúðarhúsið á Höfða. frá 1891.

Höfði var eign Prestlaunasjóðs og seinna Kirkjujarðasjóðs þar til að ábúendur jarðarinnar, Friðrik Antonsson og Guðrún Þórðardóttir keyptu jörðina árið 1980. Þau höfðu þá búið þar frá 1958.

Á Höfða eru tvö íbúðarhús úr timbri. Hið eldra er byggt 1890-1891 og hið yngra 1979. Fjós fyrir 6 nautgripi og hlaða voru byggð 1930 og fjárhús fyrir 150 kindur og hlaða voru steypt upp árið 1950. Hesthús fyrir 3 hross var byggt 1952. Óvíst er um aldur á votheyshlöðu, geymslu, og steyptu reykhúsi. Sumarbústaðurinn Höfðasel er timburhús, byggt árið 1971. Bústaðnum fylgir leigulóð, nálega 2 ha. að stærð og liggur hún beggja megin árinnar drjúgan spöl upp eftir og meðfram árgilinu. Þar er búið að gróðursetja allmikið af trjágróðri. Innan marka bústaðarlóðarinnar eru Höfðaárfossarnir og meint dys landnámsmannsins Höfða-Þórðar.

## 3.1 Náttúrufar og jarðabætur

Norðurmörk Höfða eru jafnframt hreppamörk milli fyrrum Fellshrepps og Hofshrepps. Höfðaland er víðlent. Það nær vestan frá sjó og austur á fjöll. Að norðan frá fyrrverandi hreppamörkum norðan við Höfðahóla og að sunnan inn að Gljúfurá, sem fellur í Höfðavatn. Þar með fylgir allur Höfðadalur, ennfremur Höfðamöl milli Höfðavatns og sjávar og um hálfur Þórðarhöfði, á móti Bæ. Höfði á einnig hlutdeild í Höfðavatni og veiðirétt á móti jörðunum Bæ, Mannskaðahóli og Vatni. Árið 1709 töluðu Eggert og Bjarni um að átroðningur væri af ferðamönnum á Höfða og eru ekki margir staðir sem þeir tiltaka með þann ágalla.

Árið 1849 var túnið hér um bil 20 dagsláttur. Engjar voru litlar, blautar og grýttar með pörtum en greiðfærar. Sumar- og vetrarhagar voru góðir. Torfrista var sögð lítil og móskurður óviss. Hrísrif var þokkalegt til heimilisþarfa. Engið spilltist oft af grjótframburði úr Höfðaá sem er dragá og getur orðið vatnsmikil í leysingum. Til hlunninda 1849 er talið trjáreki á Höfðamöl og undir Þórðarhöfða og góð silungs- og hrognkelsaveiði. Jörðinni var þá ætlað að framfleyta að meðaltali 6 kúm og 60 ám, 66 sauðum og 30 lömbum, sem voru ígildi 23 - 27 hundraða.

Í sóknarlýsingu séra Davíðs Guðmundssonar í Felli árið 1868 segir hann enga skóga í Höfðasókn en skóganöfn voru hér og hvar sem vitnuðu um að skógar hafi verið þar til forna. Hann talar þó um skógarleifar á Höfðadal og segir að þar væru gildari viðarhríslur en nokkurs staðar annars staðar. Bjóst hann við að þessar skógarleifar gengju úr sér á næstu árum, bæði fyrir það að jarðvegurinn blés upp og að rifið var úr þeim til kola og eldiviðar. Hann sagði að munnmæli væru um að Höfðahólar hefðu allir verið skógi vaxnir. Þjóðsagan segir að skógurinn hafi brunnið sama dag og synir Höfðabóndans drukknuðu á Knarrarboða, skammt fram undan Knarrarbrekku yst í Höfðahólum.




Árið 1917 er þetta túnakort var teiknað, var túnið orðið 24 dagsláttur, slétt að þriðjungi, en harðlent og gaf 200 hesta af heyi. Engjar voru sléttar og grasgefnar, að mestu flæðiengi og lágu að túninu. Höfðaá sem er dragá getur orðið vatnsmikil í leysingum og hefur oft spillt engjum. Hægt var þokkalega að ná saman heyjum af bithaga. Heyskapur utan túns gaf af sér 250-300 hesta af góðu heyi. Beitiland var víðlent og gott, skjólsamt og snjólétt. Fjörubeit var nokkur í rekþara. Tún og engi voru snemma afgirt með vírgirðingu. Árið 1980 var túnið um 15,65 ha. og heyfengur af því 403 m3. Skepnur voru: 2 nautgripir, 123 ær, 3 hrútar, 15 gemlingar og 6 hænur. Auk upprekstrarréttar í afrétti á jörðin upprekstrarland á Höfðadal og í Þórðarhöfða, sem jörðin á að hálfu leyti á móti Bæ.

## 3.2 Örnefni

Höfðavatn, Höfðahólar, Gljúfurá (Gljúfrá), Höfðadalur, Höfðamöl, Þórðarhöfði, Skógur, Höfðá, Höfðatún, Hólmar, Landbrot, Knarrarboði, Knarrarbrekka, Flæðiengi, Lón, Þórislækjarós, Sandvík, Mölin, Ósinn, Garðmót, Mjóidalur, Róðhólshnjúkur, Rjúpnahóll, Gljúfurárdalur, Gerðisvíkurnef, Herkonuklettur, Höfðabrún, Búðarbrekkur, Altari.

## 3.3 Aðrar upplýsingar

Um beinafund á Höfða 1952.[4] Þegar unnið var við vegagerð að brú yfir Höfðaá, sunnan við gamla reiðveginn, komu mannabein upp úr ýturuðningi. Þetta eru talin bein enskra manna sem menn töldu réttdræpa. Kemur það heim við atburð sem áttu að hafa gerst á þessum slóðum er sló í brýnu milli Skagfirðinga og yfirgangssamra Englendinga. Skagfirðingar báru hærri hlut. Þetta var árið 1431 og munu bein þessi vafalaust vera frá þessum óeirðum. Allir sem málið hafa skoðað telja það sennilegast sem um beinafundinn hafa hugsað. Beinin eru talin vera úr fimm mönnum. Dysin er oft nefnd Ræningjadys.

[4] Kristján Eldjárn og Jón Steffensen, 1959. *Ræningjadysjar og Englendingabein* ( 92-110) Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1959. Rv.


21
21
21
19
23
12
17
16
18
24
23
20
13
23
12
2
3
23
22
4
6
1
8
7
9
5
10
15
14
12
11
12
Minjar í Höfðalandi norðan Höfðaár.
Mælikvarði 1:4000, LÍ.

## 3.4 Fornleifaskrá fyrir Höfða

Í þessum kafla er hin eiginlega fornleifaskráning, þar sem fornleifum er raðað samkvæmt reglum sem fylgt er í skráningakerfinu Sarpi, eins og þegar hefur verið kynnt. Fornleifum er raðað eftir svæðum, fyrst þeim er tengjast býlinu Höfða, þá hjáleigunum Höfðagerði og Búðarhól. Þá er skrá um minjar í Höfðalandi utan túns upp með Höfðaá á Höfðadal og í Höfðahvammi. Að síðustu er skrá yfir minjar í Höfðalandi í Þórðarhöfða. Framan við skráningu hvers kafla er loftmynd sem skýrir staðsetningu minjanna og afstöðu þeirra hverrar til annarrar.

**Höfði 146547 341 - 1**
Sérheiti: Höfði
Hlutverk: Bæjarhóll
Tegund: Bæjarhóll
Staðsetning: N: 65, 58, 48 (-659800)
V: 19, 24, 26 (-194072)
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta



Horft frá Búðarhóli yfir Siglufjarðarveg að heimahúsum á Höfða.

**Staðhættir**
Spölkorn norðan við Heimagrafreitinn eru fjárhús og hlaða. Vestan við þau er gamli bæjarhóllinn. Þar stóð Höfðabærinn fram undir aldamótin 1900. Árið 1891 var byggt íbúðarhús sem enn stendur, stutt suðvestur af bæjarhólnum.
**Lýsing**
Þarna er nú grasi vaxin hæð en ekkert sést af gamla bænum á yfirborði hólsins.
**Aðrar upplýsingar**
Fiskasteinn sem var við gamla torfbæinn er nú við norðurhorn hlöðu hjá íbúðarhúsinu frá 1891.
**Heimildaskrá**
Jarðabók Árna Magnússsonar og Páls Vídalíns 9. bindi, 1930. Kh. Bls. 262-263.
Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða. Sept. 2001.

**Höfði 146547 341 - 2**
Sérheiti: Höfðakirkja
Hlutverk: Kirkja
Tegund: Heimild
Staðsetning: N: 65, 58, 46 (-659794)
V: 19, 24, 24 (-194067)
Ástand: Ómetið
Hættumat: Lítil hætta



Horft úr suðri við gamla bæjarhólinn. Efri hluti heimagrafreits rís upp úr gömlum upphlöðnum kirkjugarði.

**Staðhættir**
Kirkjan stóð á hól ofan við eldra íbúðarhúsið. Þess er getið í Skagfirskum annál að Höfðakirkja hafi verið endurbyggð árið 1851.
**Lýsing**
Þar sem kirkjan stóð er nú

heimagrafreitur með steyptum veggjum umhverfis. Þeir voru steyptir upp árið 1940. Veggir eru um 11x 5 m að stærð.

**Aðrar upplýsingar**

Höfðakirkja var útkirkja frá Felli. Kirkjusókn að Höfða áttu eftirtaldir bæir er sóknalýsing er skrifuð 1868: Bær, Mýrakot, Mannskaðahóll, Vatn, Höfði, Málmey og þrjú nýbýli sem voru Nýi-Bær eða Sæborg við Bæjarkletta, Ós og Vatnsendi við suðurenda Höfðavatns. Ós og Vatnsendi eru fyrst skrifuð í húsvitjanabók veturinn 1841 - 42. Prestsetrið var þá í Felli, en Höfði var annexía þaðan. Messað var annan hvern sunnudag frá páskum til aðventu, en þriðja hvern frá aðventu til páska. Um leið og Höfðakirkja var lögð niður árið 1891, samkvæmt tilskipun frá Landshöfðingja, var Höfði gerður að prestssetri í stað Fells og Hofssókn var lögð til Fellsprestakalls.

**Heimildaskrá**

Friðrik V. Antonsson Höfða í júní 2003.
Kristmundur Bjarnason, 1998. Skagfirzkur annáll 1847 – 1947, I og II. Reykjavík.
Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða. Sept. 2001.
Sýslu- og sóknalýsingar II. Skagafjarðarsýsla, 1954. Rv. Greinargerð Séra Davíðs Guðmundssonar.

**Höfði 146547 341 - 3**

Sérheiti: Höfðakirkjugarður
Hlutverk: Kirkjugarður
Tegund: Kirkjugarður
Staðsetning: N: 65, 58, 46 (-659792). V: 19, 24, 24 (-194067)
Þvermál: 0,50 m
Hleðsluhæð: 0,40 m
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Hætta ef farið er í jarðræktun eða mannvirkjagerð

**Staðhættir**

Leiði sjást enn í gamla kirkjugarðinum. Heimagrafreitur er nú þar sem kirkjan stóð áður.

**Lýsing**

Í kirkjugarðinum eru tvær veggjahleðslur, frá ytra garði að hinum innri eru 5 metrar. Best sést móta fyrir innri veggjum á suðurhlið garðsins, einnig á austur og vesturhlið. Hið sama gildir um ytri garðinn.




Flatarteikning. Heimagrafreiturinn er ferhyrntur í miðjum hringlaga kirkjugarðinum.

**Aðrar upplýsingar**

Ómerkt leiði við suðausturhorn Heimagrafreitsins er talið vera leiði Jóhanns bónda Guðmundssonar sem bjó á Höfða 1877-1884. Einn legsteinninn er sagður gerður af Millu - Kobba, er hann við vesturhlið grafreitsins. Að sunnan sér fyrir tveimur görðum. Annar er sá gleggri, nær gamla kirkjustæðinu. Á milli garðanna sér fyrir leiðum. Þegar grafið var fyrir steyptu veggjunum árið 1940 kom í ljós stór hvít marmarahella. Á 65 sm. dýpi. Stærð hellunnar er: lengd 155 sm, breidd 65 sm, þykkt 9 sm. Talið er að hún vegi 175 - 200 kg. Þegar búið var að grafa helluna upp og hreinsa af henni moldina sást haglega höggvin áletrun: *Hér undir hvílir góð kona og guðrækin, vitur og vinsæl, gjöful og gestrisin, Sigríður Ásmundsdóttir, kvinna síra Páls Bjarnasonar, prests að Hvanneyri og Upsum. Hún lifði 17 ár ógift, en 31 í hjónabandi. Fæddi hún bónda sínum 16 börn. Lifa nú 4 synir og 8 dætur. Öllum þeim kom hún til einhvers þroska og andaðist ári 1754, þ. 26. maí, á 71. ári aldurs síns.* Á eftir þessu fer tilvitnaður orðskviður svohljóðandi: *Erfiði þess hins*

*réttláta stefnir til lífsins, en ávöxtur hins illa til syndarinnar*. Það mun hafa verið sonur Sigríðar, Bjarni Pálsson landlæknir, sem lét gera legsteininn yfir móður sína. Hann var reistur upp og festur innan á vegginn þar sem hann nýtur sín vel. Að sögn Friðriks bónda á Höfða var fyrst grafið í heimagrafreitum árið 1935, en í kringum árið 1940 var veggurinn steyptur í kringum grafreitinn.

**Heimildaskrá**

Friðrik V. Antonsson Höfða í júní 2003.
Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá, Höfði, Hofshreppur. Sept. 2001.



Á austurvegg heimagrafreitsins er marmarahella frá 1754 með minningarorðum um Sigríði Ásmundsdóttur.

**Höfði 146547 341 - 4**

Hlutverk: Traðir
Tegund: Gata
Staðsetning: N: 65, 58, 46 (-659794) V: 19, 24, 26 (-194072)
Hleðsluhæð: 1.50 m
Lengd: 200 m
Breidd: 2 m
Ástand: Ómetið
Hættumat: Hætta ef farið er í jarðræktun eða mannvirkjagerð

**Staðhættir**

Traðirnar liggja frá bæjarhólnum vestan við grafreit og kirkjugarðsvegg.

**Lýsing**

Traðirnar eru um 2 m breiðar. Syðst í þeim má sjá hleðslur til beggja hliða á um 2-5 m löngum kafla. Er hleðsluhæðin allt að 1,50 m.

**Heimildaskrá**

Vettvangsathugun 25.06. 2003.

**Höfði 146547 341 - 5**

Sérheiti: Höfði
Hlutverk: Íbúðarhús
Tegund: Hús
Aldur: 1891
Staðsetning: N: 65, 58, 47 (-659797) V: 19, 24, 27 (-194075)
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Húsið er á B friðun

**Staðhættir**

Íbúðarhúsið stendur vestan við heimagrafreitinn.

**Lýsing**

Húsið er byggt úr timbri árið 1891. Það er ein hæð og ris.

**Aðrar upplýsingar**

Norðan við húsið er hlaða og súrheysturn. Ekki er búið í húsinu í dag.

**Heimildaskrá**

Rósmundur G. Ingvarsson.  Örnefnaskrá fyrir Höfða. Sept. 2001.

**Höfði 146547 341 - 6**
Sérheiti: Ekruhús
Hlutverk: Fjárhús
Tegund: Tóft
Staðsetning: N: 65, 58, 51 (-659808)
V: 19, 24, 25 (-194069)
Þvermál: 1 m
Hleðsluhæð: 0,50 m – 1,30 m
Lengd: 31 m
Breidd: 18 m
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Hætta ef farið er í jarðræktun eða mannvirkjagerð



**Staðhættir**
Nyrst í Höfðatúni eru hólar, háir og miklir. Uppi á þeim og norður undan grafreitnum eru leifar fjárhúsa sem voru í notkun fram um 1950.
**Lýsing**
Veggir eru að mestu fallnir, en húsaskipan sést þó vel enn. Sjást 3 - 4 garðar, um 10 m langir og steinsteypt baðker er í enda eins þeirra. Engar tröppur hafa verið í kerinu fyrir kindurnar að komast upp úr því.
Hlöðuleifar eru austan við húsin og tvö fúlgustæði norðaustan við. Úr þeim var hægt að ganga inn í hlöðuna.
**Aðrar upplýsingar**
Svæðið í kring er kallað Ekrur og húsið á Ekrum.
**Heimildaskrá**
Rósmundur G. Ingvarsson.
Örnefnaskrá fyrir Höfða. Sept. 2001.
Túnakort frá 1917.




**Höfði 146547 341 - 7**
Hlutverk: Kofi
Tegund: Heimild
Staðsetning: N: 65, 58, 47 (-659797).
V: 19, 24, 26 (-194072)
Ástand: Ómetið
Hættumat: Lítil hætta
**Staðhættir**
Horfinn. Nú er steyptur skúr á gamla kofastæðinu.
**Heimildaskrá**
Túnakort frá 1917.
Vettvangsathugun 25.06. 2003.

**Höfði 146547 341 - 8**
Sérheiti: Hrútakofi
Hlutverk: Hrútakofi
Tegund: Heimild
Staðsetning: N: 65, 58, 47 (-659797) V: 19, 24, 26 (-194072)
Ástand: Ómetið
Horfin: Já
Hættumat: Lítil hætta

**Staðhættir**
Hrútakofinn var nokkra metra í vestur frá steyptu fjárhúsi, sem nú er á Höfða.
**Lýsing**
Þarna hefur verið sléttað og allt gróið.
**Heimildaskrá**
Túnakort frá 1917.
Vettvangsathugun 25.06. 2003.

**Höfði 146547 341 - 9**
Sérheiti: Fiskasteinn
Hlutverk: Fiskvinnsla
Tegund: Náttúruminjar
Staðsetning: N: 65, 58, 47 (-659797) V: 19, 24, 27 (-194075)
Þvermál: 0,15 - 0,20 m
Lengd: 0,70 m
Breidd: 0,0 m
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta



Fiskasteinninn var við gamla bæinn á Höfða.

**Staðhættir**
Steinninn er við norðaustur húshorn á hlöðu við gamla bæinn á Höfða.
**Lýsing**
Steinninn er um 0,30 m á breidd og um 0,70 m á lengd, á þykkt er hann um 0,15 - 0,20 m. Glöggt má sjá gróp eftir endilöngum steininum þar sem fiskurinn hefur verið lagður og barinn.
**Aðrar upplýsingar**
Upphaflega var steinninn við gamla torfbæinn á Höfða. Þar var hann á kafi í grasi þangað til að Friðrik bóndi tók hann og setti þar sem hann er nú, við heyhlöðuhornið hjá gamla timburhúsinu á Höfða.
**Heimildaskrá**
Friðrik Antonsson bóndi á Höfða, 26. 06. 2003

**Höfði 146547 341 - 10**
Sérheiti: Gömluhúsin
Hlutverk: Fjárhús
Tegund: Tóft
Staðsetning: N: 65, 58, 52 (-659811)V: 19, 24, 30 (-194083)
Þvermál: 1,5 m
Hleðsluhæð: 2 m – 3 m
Lengd: 15
Breidd: 7 m
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Hætta ef farið er í jarðræktun eða mannvirkjagerð
**Staðhættir**
Spölkorn norðvestan við fjárhúsleifarnar, á hólunum norður undan grafreitnum, eru leifar gamalla fjárhúsa.



**Lýsing**
Tóftin er 15 x 7 m að stærð, veggir útflattir en 2 - 3 m háir. Tóftin er tvískipt og er stærra rýmið (króin) með garða. Dyr eru í norðvestur. Hlaða er sambyggð fjárhúsinu.
**Heimildaskrá**
Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða. Sept. 2001.

**Höfði 146547 341 - 11**
Hlutverk: Fjárhús
Tegund: Tóft
Staðsetning: N: 65, 58, 53 (-659814)
V: 19, 24, 40 (-194111)
Þvermál: 1 m
Hleðsluhæð: 0,30 - 1,50 m
Lengd: 14 m
Breidd: 11 m
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Hætta ef farið er í jarðræktun eða mannvirkjagerð
**Staðhættir**
Í norðvestur frá Höfða eru þessar fjárhústóftirnar við vesturenda túngarðsins, alveg út við þjóðveginn á móts við Búðarhól.
**Lýsing**
Hleðsluhæðin er allt að 1,50 m og veggjaþykkt er um 1 m. Tóftin er grasivaxin en sést þó vel í veggjahleðslur og einstaka steina. Húsin hafa verið fjórar kræR og eru dyr í norðvestur og suðaustur. Vel má sjá móta fyrir hlöðnum görðum í tveimur innri króm tóftarinnar.


Fjárhúsin norðvestan við Höfða, við vesturenda túngarðsins.

**Heimildaskrá**
Vettvangsathugun í júní 2003.

**Höfði 146547 341 - 12**
Sérheiti: Túngarður
Hlutverk: Túngarður
Tegund: Garðlag
Staðsetning: N: 65, 58, 44 (-659789) V: 19, 24, 16 (-194044)
Ástand: Ómetið
Hættumat: Lítil hætta, nema vegna jarðrask
**Staðhættir**
Meðfram túninu á Höfða að ofan og norðan sjást leifar af túngarði.
**Lýsing**
Þar sem túngarðurinn er hæstur er hann allt að mannhæðar hár. Hann er vel sýnilegur frá bænum á Höfða í


Gamli túngarðurinn er vel sjánlegur. Horft til norð-austurs af bæjarhlaði á Höfða.

norður-austur-suður.

**Aðrar upplýsingar**

Túngarður við Höfða var genginn og nokkrir GPS punktar teknir á honum til glöggvunar. Vesturendi garðsins er: 1) N: 65°5844
V: 19°2415,
2) N: 65°5844
V: 19°2414,
3) N:65°5846
V: 19°2416,
4) N: 65°5848
V: 192417,
5) N: 65°5849
V: 19°2417,
6) N:65°5851
V: 19°2419, 7) N: 65°5851 V: 19°2421. Út við þjóðveg vestast og yst í gamla túninu:
8) N: 65°5853 V: 19°2435, 9) N: 65°5853 V: 19°2433

**Heimildaskrá**

Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða. Sept. 2001.

**Höfði 146547 341 - 13**

Sérheiti: Vatnsveitan
Hlutverk: Vatnsleiðsla
Tegund: Mannvirki
Staðsetning: N: 65, 58, 45 (-659792) V: 19, 24, 11 (-194031)
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Hætta ef farið er í jarðræktun eða mannvirkjagerð

**Staðhættir**

Uppi í Hvömmunum, ofan við sumarbústaðinn Höfðasel, sjást leifar af handgröfnum skurði. Það eru leifar vatnsveitu, sem sagt er að Markús Ívarsson hafi gert um 1882. Hefur veituskurðurinn legið niður eftir Hvömmunum, frá vatnsbóli nálægt þeim stað sem vatnið í vatnsleiðsluna að Höfða er tekið úr nú, í Stekkjarlaut. Vatnsveituskurðurinn sést einnig heim túnið að hólnum sem bærinn stóð á. Sveigir skurðurinn norður fyrir hólinn og niður með honum og áfram niður túnið. Læknum hefur þannig verið veitt framhjá bænum.



Vatnsveitufarvegur sést hlykkjast í gegnum túnið. Horft til austurs.

**Lýsing**

Þegar horft er frá fjárhúsunum á Höfða í austur sést greinilega móta fyrir leið leiðslunnar í gegnum túnið.

**Aðrar upplýsingar**

Markús Ívarsson kom til Höfða úr Eyjafirði, líklegast úr Hörgárdal og var sagður sakamaður. Hann bað Höfðabónda Jóhann Guðmundsson sem var oddviti hreppsins um hjálp og vernd fyrir yfirvöldum sem leituðu hans. Kona Jóhanns var Guðfinna Jónsdóttir. Þau bjuggu á Höfða 1877 – 1884. Þessi sæmdarhjón tóku við Markúsi þótt hann segði þeim ástæður sínar, og héldu hann á laun alllangan tíma. Markús var mikill fyrir sér, sem kallað var, en ágætlega vel verkhagur til allrar vinnu og gerði margt til gagns á Höfða, en Jóhann bóndi var oft við sjóinn. Markús kom upp þessari sjálfrennandi vatnslögn og veitti

litlum læk ofan fyrir tún og heim að bænum. Á þeim tíma var slíkt óþekkt nema þar sem bæjarlækur rann við húsvegginn. Þótt Jóhann og Guðríður vildu allt fyrir manninn gera, þá vitnaðist fljótlega um yfirhylminguna og sýslumaður gerði sér ferð að Höfða til að taka Markús fastan. Reyndist hann þá vera veikur í rúminu og því óferðafær samkvæmt dómsmálabókum. Strax og sýslumaður var farinn reis Markús úr rekkju, tók sér orf og ljá og arkaði fram í Þórðarhöfða þar sem hann hóf heyskap, en húsfreyja sá honum fyrir mat og annari aðhlynningu. Síðar, er frá leið fyrri atburðum, flutti hann aftur heim að Höfða. Fylgst var með ferðum Markúsar og var hreppstjóra Hofshrepps, sem þá var Konráð Jónsson Miðhúsum, falið að ná sakamanninum. Kom Konráð með þrjá aðstoðamenn með sér, en Markús var það hraustur að hann hristi þá alla af sér. Konráð, sem einnig var hraustmenni, gat hrakið Markús út í Höfðavatn og í fangbrögðum þar varð samkomulag um uppgjöf hans. Jóhann bóndi fékk 60 kr. sekt eða fangavist fyrir að hylma yfir með sakamanni. Hann þráaðist við að taka út dóminn og var sagt að Guð hefði forðað honum því að hann dó 25. 05. 1883.

**Heimildaskrá**

Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða. Sept. 2001.
Sjá Syrpu Björns í Bæ, nr. 15 og æviþátt um Jóhann bónda í Skagf. æviskrár 1850 – 1890, III. Bindi. Þar er sagt frá ofanskráðum atburðum á lítiðeitt annan veg.

**Höfði 146547 341 - 14**

Sérheiti: Ekrur
Hlutverk: Tún
Tegund: Heimild / Örnefni
Staðsetning: N: 65, 58, 51 (-659808). V: 19, 24, 25 (-194069)
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Hætta ef farið er í jarðræktun eða mannvirkjagerð

**Staðhættir**

Örnefnaskrá Margeirs Jónssonar getur um að túnið á Höfða væri fremur lítið. Yst á því var löng spilda sem heitir Ekrur. Þar ofan við eru tóftir af miklum fjárhúsum sem kölluð voru einnig Ekrur.

**Lýsing**

Grasivaxin brekka á móti suðri með undirlendi frá gamla bæjarstæðinu og upp að fjárhústóftum í austur og norður.

**Heimildaskrá**

Örnefnskrá Margeirs Jónssonar.
Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða á Höfðaströnd. Sept. 2001.

**Höfði 146547 341 - 15**

Hlutverk: Kofi / fjárhús
Tegund: Tóft
Staðsetning: N: 65, 58, 50 (-659806) V: 19, 24, 19 (-194053)






Kofinn við túngarðinn. Á myndinni er kofatóftin hægra megin við garðinn, neðst á myndinni. Horft til vesturs.

Þvermál: 1-1,5 m
Hleðsluhæð: 0,60 m
Lengd: 6 m
Breidd: 4 m
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Hætta ef farið er í jarðræktun eða mannvirkjagerð
**Staðhættir**
Suðurhlið kofans liggur að túngarðinum að norðan. Hann er upp á hólnum í norðaustur frá bænum.
**Lýsing**
Kofatóftin er 6 x 4 m, hleðsluhæð allt að 0,60 m, og veggjaþykkt um 1-1,5 m. Tóftin er grasivaxinn og frekar óljós, dyr snúa í austur.
**Heimildaskrá**
Vettvangsathugun 24.06. 2003.

**Höfði 146547 341 - 16**
Sérheiti: Kartöflugarður
Hlutverk: Kartöflugarður / fjárhús
Tegund: Garðlag
Staðsetning: N: 65, 58, 44 (-659789).V: 19, 24, 16 (-194044)
Þvermál: 0,50m
Hleðsluhæð: 0,60 m
Lengd: 10 m
Breidd: 5 m
Ástand: Sæmilegt
**Staðhættir**
Á hól syðst og austast í túninu sjást greinilega merki um kartöflugarð sem þar var. Þar voru tóftaleifar áður, sem nú eru horfnar. Nokkru norðar er greinilegt garðstæði suðvestan í brekku.



Kartöflugarðurinn.

**Aðrar upplýsingar**
Áður en kartöflugarðurinn var gerður voru þarna fjárhús.
**Heimildaskrá**
Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða á Höfðaströnd. Sept. 2001.

**Höfði 146547 341 - 17**
Hlutverk: Matjurtagarður
Tegund: Garðlag
Staðsetning: N: 65, 58, 48 (-659800) V: 19, 24, 17 (-194047)
Hleðsluhæð: 0,50 m
Lengd: 11 m
Breidd: 10 m
Ástand: Gott
Hættumat: Hætta ef farið er í jarðræktun eða mannvirkjagerð
**Staðhættir**
Garðurinn er við hlið túngarðsins í austur frá steyptu fjárhúsunum. Hann snýr á móti suðvestri.

**Lýsing**
Garðurinn er grasivaxinn. Túngarðurinn markar austurhlið garðsins sem liggur norður - suður
**Heimildaskrá**
Vettvangsathugun 25.06. 2003.




Matjurtagarðurinn við túngarðinn að austan.

**Höfði 146547 341 - 18**
Hlutverk: Garður
Tegund: Garðlag
Staðsetning: N: 65, 58, 47 (-659797) V: 19, 24, 16 (-194044)
Þvermál: 1 m
Hleðsluhæð: 0,50 m
Lengd: 15 m
Breidd: 5 m
Ástand: Gott
Hættumat: Hætta ef farið er í jarðræktun eða mannvirkjagerð
**Staðhættir**
Garðurinn er innan túns.
**Lýsing**
Garðurinn er í sveig um 4 m út frá túngarðinum, þar sem hann er breiðastur.
**Heimildaskrá**
Vettvangsathugun 25/6 2003.




Flatarteikning. Þarna er kartöflu-garður hlaðinn að túngarðinum.

**Höfði 146547 341 - 19**
Sérheiti: Gamlivegur
Hlutverk: Vegkantur
Tegund: Vegur
Staðsetning: N: 65, 58, 42 (-659783) V: 19, 24, 8 (-194022)
Hleðsluhæð: 7 m
Lengd: 7 - 6 m
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Hætta ef farið er í jarðræktun eða mannvirkjagerð
Friðlýst: Ath. 20. aldar minjar.
**Staðhættir**
Rétt ofan við túnið sést gamli vegurinn, þjóðvegurinn þ.e. hinn svokallaði sýsluvegur, sem lá út og ofan við túnið, út yfir Höfðahólana. Vegurinn var notaður fram um 1951. Hann lá um sneiðing upp úr Höfðahvamminum skammt norðvestan við sumarbústaðinn



Ofan við Höfðatúnið er kantur gamla sýsluvegarins haglega lagður grjóti.

Höfðasel. Þar sést óhaggaður haglega steinlagður kantur að mestu lagður með steinhellum.
**Heimildaskrá**
Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða á Höfðaströnd. Sept. 2001.

**Höfði 146547 341 - 20**
Sérheiti: Brúarstöpull
Hlutverk: Brú
Tegund: Brú
Staðsetning: N: 65, 58, 40 (-659778) V: 19, 24, 18 (-194050)
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Hætta helst af völdum vatnagangs, landbrots
**Staðhættir**
Á gamla veginum í Höfðahvamminum er norðari stöpull brúarinnar þar sem vegurinn (sýsluvegurinn) lá yfir á trébrú. Syðri stöpullinn sést ekki og brúin sjálf er horfin. Núverandi þjóðvegur, Siglufjarðarvegur, er góðum spöl neðar (vestar). Litlu neðar (vestar), við Kot, var 2001 lagður svonefndur Ljósleiðari í jörð og liggur hann þar undir Höfðaána og áfram. Hér eða litlu neðar sjást enn leifar vegarins þar sem hann liggur að ánni á móts við brúarstöpulinn. Brúin var tekið úr notkun 1951.
**Lýsing**
Brúarstöpullinn er hæstur næst ánni um 2 m frá árfarveginum. Hann er um 4-5 m langur.
Hann snýr í suðvestur - norðaustur.


Brúarstöpullinn á gamla sýsluveginum norðan ár. Horft til suðausturs.

**Heimildaskrá**
Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða á Höfðaströnd Sept. 2001.

**Höfði 146547 341 - 21**
Sérheiti: Kolagröf
Hlutverk: Kolagröf
Tegund: Hola
Ástand: Ómetið
Hættumat: Lítil hætta - nema vegna framkvæmda s.s. skógræktar
**Staðhættir**
Kolagrafir sjást víða utan og ofan túns í Höfðahólum. Flestar eru upp af Höfðabænum.
**Heimildaskrá**
Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða. Sept. 2001.
**Höfði 146547 341 - 22**
Sérheiti: Grjótgarður
Hlutverk: Garður
Tegund: Garðlag
Staðsetning: N: 65, 58, 60 (-659833)
V: 19, 24, 24 (-194067)


Grjótgarðurinn á Stórhól.

Hleðsluhæð: 0,60 m
Lengd: 300 m
Breidd: Um 0,80 m
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Lítil hætta
**Staðhættir**
Stórhóll í Höfðahólum er mjög áberandi séð heiman frá bænum. Eftir endilöngum Stórhól er Grjótgarður. Þarna um lá áður gamli þjóðvegurinn. Garðurinn er um 200 m frá honum til norðvesturs.
**Lýsing**
Garðurinn er hlaðinn úr grjóti um 0,80 m á breidd og um 0,60 m á hæð. Hann er töluvert mikið hruninn.
**Heimildaskrá**
Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða á Höfðaströnd Sept. 2001.

**Höfði 146547 341 - 23**
Sérheiti: Þjóðvegur
Hlutverk: Þjóðvegur
Tegund: Vegur
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Lítil hætta – nema af völdum framkvæmda



Gamli þjóðvegurinn (sýsluvegurinn) liggur frá Höfðagerði suður með Bræðrum.

**Staðhættir**
Gamli þjóðvegurinn lá ofan við bæinn Höfða, vestan við Höfðagerði sunnan ár.
**Lýsing**
Gamli þjóðvegurinn liggur vestan við Höfðagerði, með brekkunum Bræðrum og áfram til suðurs að Vatni. Ef horft er til baka frá þeim stað þar sem myndin er tekin liggur vegurinn norður yfir ána þar sem leifar brúarstöpulsins er á norðurbakka árinnar. Hann liggur þar út eftir landinu framhjá núverandi sumarbústað (Höfðaseli) upp brekkurnar þar sem enn sést steinlagður kantur. Þaðan hlykkjast hann í ótal sveigjum og beygjum fyrir ofan bæinn á Höfða, um Knarrarbrekkur út að landamerkjum Lónkots.
**Heimildaskrá**
Vettvangsathugun með Rósmundi G. Ingvarssyni 24. – 27. júní 2003.

**Höfði 146547 341 - 24**
Hlutverk: Varða
Tegund: Varða
Staðsetning: N: 65, 58, 56 (-659822) V: 19, 24, 13 (-194036)
Hleðsluhæð: 1,10 m
Lengd: 1 m
Breidd: 1 m
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta

**Staðhættir**
Varðan er upp af gamla þjóðveginum fyrir ofan Höfða. Þegar staðið er við vörðuna sést í þak eldra timburhússins á Höfða.

**Lýsing**
Varðan er hlaðin úr grjóti og er nokkuð mosavaxin. Hún er um 1 x 1 m um sig og hæð hennar er um 1,10 m.

**Heimildaskrá**
Vettvangsathugun 25.06. 2003.



Varða við gamla þjóðveginn fyrir ofan Höfða.

**Höfði 146547 341 - 25**
Sérheiti: Þórðarhaugur
Hlutverk: Kuml
Tegund: Kuml
Staðsetning: N: 65, 58, 39 (-659775) V: 19, 23, 51 (-193975)
Hleðsluhæð: 1,50 m
Lengd: 10 m
Breidd: 10 m
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta – nema af völdum skógræktar er fram í sækir

**Staðhættir**
Á syðri gilbarminum til móts við Höfðaárfossa á svæði sem kallast Breiddin, er forn haugur, svokallaður Þórðarhaugur. Hann er nokkuð upp með Höfðaánni að sunnan, á gilbrúninni, innan girðingar sem er um lóð sumarbústaðarins Höfðasels. Haugurinn er talinn hinsta hvíla landnámsmannsins Höfða-Þórðar. Þrír aðrir meintir haugar eru á Breiddinni.



Svokallaður Þórðarhaugur er upp með Höfðaánni að sunnan. Horft til vesturs í átt á Höfðabænum.

**Lýsing**
Haugurinn er grasivaxinn, um 1,50 m hár og þvermál um 10 m og ofan í hann er allmikil laut. Sést vel móta fyrir honum í landinu.

**Aðrar upplýsingar**
„Uppi í lyngbrekkunni sunnan Höfðaárinnar og skammt frá gilbarminum er Höfða- Þórður heygður. Ætti ekki margur hávaðamengaður og streituhlaðinn nútímamaðurinn erindi á þennan stað að leita róta sinna og njóta kyrrðarinnar. Hér er allt eins og var er börnin hans Höfða - Þórðar lásu berin af þessu lyngi, seiðmjúkur niður árinnar er hinn sami, niðri í gilinu þylur litli fallegi fossinn sama lagið og hann söng fyrir fyrstu heimasæturnar á Höfða, sem eflaust hafa átt sitt draumaland hér í hvamminum. Í raun hefur ekkert breyst. Enn bjástrar æðurinn á Höfðavatninu og silungurinn vakir í lygnunni meðfram landinu. Að baki eru fjöllin traust og tignarleg, á aðra hönd Róðhólshnjúkur en Gusthnjúkur á hina.

Ilmandi lyngið „blánar af berjum hvert ár.“ Lífsmeiðurinn mikli endurnýjar sig sífellt, erfðavísarnir skila sér áfram í lítt breyttri mynd“ (Úr ritgerð Axels Þorsteinssonar).

**Heimildaskrá**

Axel Þorsteinsson í Litlu – Brekku, óársett. Helstu örnefni við Höfðavatn.
Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða. Sept. 2001.

**Höfði 146547 341 - 26**
Sérheiti: Grjótdys
Hlutverk: Dys
Tegund: Dys
Staðsetning: N: 65, 58, 41 (-659781). V: 19, 23, 46 (-193961)
Lengd: 10 m
Breidd: 10 m
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta

**Staðhættir**

Skammt austan við girðingu sumarbústaðarlandsins á Höfðaseli er Grjótdys mikil eða haugur, rúmlega 10 x 10 metrar að stærð. Hrúgan virðist gerð af mannahöndum.



Grjótdysin. Austan við Höfðagerði. Ofan við Þórðarhaug.

**Lýsing**

Ógreinileg grjóthleðsla er efst í haugnum. Hann er rúmlega 100 m fyrir ofan lóðamörk væntanlegs sumarbústaðar í austur.

**Heimildaskrá**

Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða. Sept. 2001.

**Höfði 146547 341 - 27**
Sérheiti: Grjóthaugur
Hlutverk: Dys
Tegund: Dys
Staðsetning: N: 65, 58, 37 (-659769) V: 19, 23, 55 (-193986)
Lengd: 5 - 6 m
Breidd: 4 m
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Lítil hætta

Grjótdysin austan við haug Höfða-Þórðar.





**Staðhættir**
Skammt sunnan og ofan við dys Þórðar, utan girðingar sumarbústaðarlands Höfðasels er mikill grjóthaugur. Tveir aðrir en miklu minni grjóthaugar eru spölkorn sunnan og heldur neðan við Þóðarhaug. Þetta er dysin sem er næst Þórðarhaug.
**Lýsing**
Mikið grjót liggur í hrúgu og er ekki hlaðið upp. Meint dys er um 5 - 6 m x 4 m  að stærð. Hún er um 40 m frá lóðamörkum sumarbústaðar í austur.
**Heimildaskrá**
Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða á Höfðaströnd. Sept. 2001.

**Höfði 146547 341 - 28**
Sérheiti: Grjótdys
Hlutverk: Dys
Tegund: Dys
Staðsetning: N: 65, 58, 35 (-659764)
V: 19, 23, 58 (-193994)
Lengd: 5 m
Breidd: 5  m
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Lítil hætta
**Staðhættir**
Þessi grjóthrúga, dys eða haugur, er aðeins neðan og sunnan dys Þórðar og syðst þriggja grjótdysja, sem eru á Breiddinni.
**Lýsing**
Þarna er hrúga af óreglulegu grjóti. Hún er um 40 m frá lóðamörkum sumarbústaðar í austur.
**Heimildaskrá**
Rósmundur Ingvarsson. Örnefnaskrá, Höfði Hofshreppur. Sept. 2001.




Þessi dys eða hrúga er aðeins sunnar en hinar.






**Höfði 146547 341 - 29**

Sérheiti: Við Systur
Hlutverk: Beitarhús
Tegund: Tóft
Staðsetning: N: 65, 58, 15 (-659708). V: 19, 23, 58 (-193994)
Þvermál: 1 m
Hleðsluhæð: 0,30 m
Lengd: 13 - 14 m
Breidd: 6 - 7 m
Ástand: Slæmt
Hættumat: Lítil hætta

**Staðhættir**

Tóft þessi er í suður frá Systrum í brekku á móti vestri. Þar eru tóftabrot þriggja húsa, sjá einnig nr. 30 og 31.

**Lýsing**

Tóftin er mjög grasivaxinn. Hún er 13 - 14 x 6 - 7 m hleðsluhæð um 0,3 m veggjaþykkt er um 1 m.

**Heimildaskrá**

Friðrik Antonsson bóndi á Höfða, í júní 2003.



Teikning og mynd af rústum beitarhúsa við Systur. Rústirnar eru fremur ógreinilegar. Horft er til suðurs.

**Höfði 146547 341 - 30**

Sérheiti: Við Systur
Hlutverk: Beitarhús
Tegund: Tóft
Staðsetning: N: 65, 58, 15 (-659708) V: 19, 23, 55 (-193986)
Þvermál: 1 m
Hleðsluhæð: 0,3 m
Lengd: 4 m
Breidd: 3 m
Ástand: Slæmt
Hættumat: Lítil hætta

**Staðhættir**

Tóftin er 5 metra vestan við tóft 29 í brekku og snýr suður –norður.

**Lýsing**

Tóftin er mjög óljós og hefur sennilega verið mun lengri. Sjáanleg tóft er um 4 m löng og um 3 m breið. Dyr hafa snúið í norður.



Um 5 m suður af þessum tóftum eru óljós tóftarbrot af beitarhúsunum (31).

**Heimildaskrá**

Friðrik Antonsson á Höfða, í júní 2003.

**Höfði 146547 341 - 31**

Sérheiti: Við Systur
Hlutverk: Beitarhús
Tegund: Tóft
Staðsetning: N: 65, 58, 14 (-659706).
V: 19, 23, 56 (-193989)
Þvermál: 1 - 2 m
Hleðsluhæð: 0, 30 m
Lengd: 12 m



Breidd: 11 m
Ástand: Slæmt
Hættumat: Lítil hætta
**Staðhættir**
Í suður frá Systrum, í brekku á móti vestri, er þessi tóft. Ein af þremur tóftum sem eru þarna í slakkanum ofan við mýrardrag.
**Lýsing**
Tóftin er grasivaxin og fremur óljós. Tóftin er 12 x 11 m, veggjaþykkt um 1 - 2 m, veggjahæð um 0,30.
**Heimildaskrá**
Friðrik Antonsson bóndi á Höfða, í júní 2003.


Teikningin á blaðsíðunni á undan er af tóftarbrotum vestan við tóftir nr. 30. Á myndinni er horft til vesturs yfir þessi tóftarbrot.

**Höfði 146547 341 - 32**
Sérheiti: Ræningjadysjar
Hlutverk: Mannabein
Tegund: Mannabein
Staðsetning: N: 65, 58, 36 (-659767) V: 19, 24, 29 (-194081)
Ástand: Ómetið
**Staðhættir**
Beininn komu upp vestan við vegakantinn á svokölluðu Melhorni við Höfðaána að sunnan, þar sem ræsi er í veginum. Neðan vegar. Þau lágu upphaflega í malarnáminu ofan vegar, en þangað var efnið í veginn sótt og beinin fundust í ruðningum, sjá lýsingu hér fyrir neðan.
**Aðrar upplýsingar**
Þegar unnið var við vegagerð að brú yfir Höfðaá árin 1951-1952, sunnan við gamla reiðveginn komu upp mannabein með ýturuðningi. Þetta eru talin bein enskra manna sem landsmenn töldu réttdræpa vegna ýmissa spellvirkja. Kemur það heim við atburð sem áttu að hafa gerst á þessum slóðum þegar sló í brýnu milli Íslendinga og yfirgangssamra Englendinga. Íslendingar báru hærri hlut. Þetta var árið 1431 og munu bein þessi vafalaust verið frá þessum óeirðum. Hafa allir talið það sennilegast sem um beinafundinn hafa skoðað. Beinin er talin vera úr fimm mönnum.
**Heimildaskrá**
Kristján Eldjárn og Jóns Steffensen 1959. Ræningjadysjar og Englendingabein.
Árbók Hins íslenska fornleifafélags, bls. 92-110, 1959. Reykjavík.
Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða á Höfðaströnd. Sept. 2001.

**Höfði 146547 341 – 33**
Sérheiti: Ræningjadysjar / Melhornsdysin
Hlutverk: Dys
Tegund: Heimild
Staðsetning: N: 65, 58, 37 (-659769) V: 19, 24, 24 (-194067)
Ástand: Vonlaust
Horfin: Já
Hættumat: Mikil hætta ef framkvæmdir verða á svæðinu
**Staðhættir**
Rétt austan við þjóðveginn, sunnan við Höfða eru malarkrúsir miklar. Þar var tekið efni í Siglufjarðarveginn er hann var byggður upp 1951. Malartekjan var nær veginum (vestar), en sú sem er í dag.
**Lýsing**

Nú er þarna slétt svæði nyrst í malarnáminu, nánast beint upp af staðnum er nýr vegur upp á hæðina að Höfðagerði.

**Aðrar upplýsingar**

Í skýrslu Kristjáns Eldjárns og Jón Steffensen um beinafundinn á Melhorni segir að er unnið var að vegalagninngu sunnan Höfðaár haustið 1951 komu í ljós mannabein sunnan við brúna þar sem áður voru gamlar reiðgötur. Þar átti nýi vegurinn að koma. Var rutt í hann með jarðýtu og sótt alllangt uppeftir til að fá efnivið í fyllingu því grunnt er á grjót þarna. Jaðýtan sótti því hvergi djúpt, en fláði ofan af allstóru svæði. Vorið 1952 var síðan hafist handa að nýju. Komu þá í ljós mannabein í frambrún vegarruðningsins. Var þá haft samband við Þjóðminjasafnið. Kom Kristján Eldjárn og safnaði saman þeim beinum sem fundust höfðu. Nokkuð af þeim var á tvístringi hér og hvar, en flest voru þau alveg saman og mörg þeirra höfðu ekki breytt afstöðu hvert til annars. Greinilega sást að líkin höfðu verið lögð fast saman og hefur verið varpað í eina gröf, líklega hverju ofan á annað. Beinin voru mjög vel varðveitt. Engir munir voru með þeim. Rannsókn Jóns Steffensens á beinunum leiddi í ljós fjórar heillegar hauskúpur og og brot úr þeirri fimmtu. Þetta voru beinagrindur karla sá yngsti um 20 ára og sá elsti ekki yfir 50 ára. Tveir mannana höfðu verið hálshöggnir og mjög líklega hefur það átt að verða hlutskipti hins þriðja. Dauðdaga tveggja var ekki hægt að segja um. Skýringu á beinafundinum er að þarna séu bein útlendra manna sem landsmenn réðu af dögum árið 1431, en sá atburður hefur talsvert verið rómaður á seinni tímum. Rannsókn beinana styrkti þá tilgátu að þetta hafi væru einhverjir Englendinganna, sem hafa borið beinin þarna.

**Heimildaskrá**

Kristján Eldjárn og Jóns Steffensen, 1959. Ræningjadysjar og Englendingabein. Árbók Hins íslenska fornleifafélags, 1959 Reykjavík. Bls. 92-110.

Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða á Höfðaströnd. Sept. 2001.

**Höfði 146547 341 - 34**

Sérheiti: Túngarður

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðsetning: N: 65, 58, 24 (-659733)

V: 19, 24, 11 (-194031)

Ástand: Sæmilegt

Hættumat: Hætta ef framkvæmdir verða á garðlínunni

**Staðhættir**

Garðurinn liggur ofan við þjóðveginn rétt sunnan við vegarspotta að malarnámi, í suðaustur að Bræðrum.

**Lýsing**

Garðurinn er vel sýnilegur, en ekki samfellur. Skörð eru víða í hann. Hann er allt að 1 m á hæð og um 1-1,5 m breiður.



Túngarðurinn suður undan Höfðagerði.

**Aðrar upplýsingar**

GPS: 1) N: 65°5824 V: 19°2411

2) N: 65¨5827 V: 19°2412

3) N: 65°5827 V: 19°2415

**Heimildaskrá**

Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða. Sept. 2001.

## 3.5 Fornleifar í Höfðagerðislandi

Höfðagerði fór í eyði um 1700. Hús voru nýtt eitthvað áfram við skepnuhald og -hirðingu. Fornleifar frá og með 35 – 49 tilheyra búsetuminjum frá Höfðagerði. Kortið sýnir búsetuminjar í Höfðalandi í og við Höfðagerði.



**Teikningin er af fyrirhugaðri sumarbústaðarlóð í Höfðagerðislandi og birt hér til glöggvunar svo sjá megi þéttleika fornleifa innan svæðisins.**






Á myndinni er horft úr suðri yfir Höfðagerði og Höfða, frá Bræðrum.

**Höfði 146547 341 – 35**
Sérheiti: Höfðagerði
Hlutverk: Tóft
Tegund: Tóft
Staðsetning: N: 65, 58, 38 (-659772). V: 19, 24, 4 (-194011)
Þvermál: 3 m
Hleðsluhæð: 0,30 m
Lengd: 9 m




Tóftir í Höfðgerði eru afar óljósar og erfitt er að greina hvað er hvað.

Breidd: 9 m
Ástand: Slæmt
Hættumat: Mikil hætta, minjarnar eru innan byggingarreits sumarbústaðarins á Höfðagerði.
**Staðhættir**
Tóftin er við austurenda á nýjum vegi sem lagður hefur verið að fyrirhuguðum byggingarreit.
**Lýsing**
Veggir tóftarinnar eru mjög útflattir og grasivaxnir. Óljóst sést marka fyrir miðju tófarinnar, aðeins lægri. Tóftin er næstum hringlaga 9 x 9 m. Veggjaþykkt er allt að 3 m og veggjahæð 0,30 m.
**Aðrar upplýsingar**
Höfðagerði eða Höfðakot, oftast kallað Kot, er á nær láréttum breiðum bekk sunnan við Höfðaána, nokkuð austan við Siglufjarðarveg. Þetta eru grónar rústir Höfðagerðis sem hafði verið í eyði frá 1702, segja Árni Magnússon og Páll Vídalín í jarðalýsingu sinni árið 1709. Áður hafði það verið lengi í byggð. Seinna á 18. öld var búið í nokkur ár í Höfðagerði. Þar sjást enn töluverðar tóftir. Umhverfis þær er gamall túnblettur. Fjallið þar upp undan milli Höfðadals og Gljúfurárdals heitir Kotsfjall.
**Heimildaskrá**
Jarðabók Árna Magnússsonar og Páls Vídalíns 9. bindi, 1930. Kh. Bls. 263.
Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða á Höfðaströnd. Sept. 2001.

**Höfði 146547 341 - 36**
Sérheiti: Höfðagerði
Hlutverk: Tóft
Tegund: Tóft
Staðsetning: N: 65, 58, 38 (-659772)
V: 19, 24, 5 (-194014)
Þvermál: 3 m
Hleðsluhæð: 0,40 m
Lengd: 27 - 28 m
Breidd: 10 - 11 m





Þetta eru samfallnar rústir og óljósar, sennilega eftir fjárhús. Á myndinni er horft til vest-suð-vesturs yfir tóftirnar.

Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Hætta vegna framkvæmda
**Staðhættir**
Tóft þessi er um 11 m frá vesturmörkum fyrirhugaðs byggingarreits.
**Lýsing**
Tóftin er fjórskipt. Veggir eru allir útflattir og allt að 3 m breiðir. Allt er grasivaxin. Dyr eru óljósar.
**Heimildaskrá**

Jarðabók Árna Magnússsonar og Páls Vídalíns 9. bindi, 1930. Kh. Bls. 263.
Rósmundur G. Ingvarsson.  Örnefnaskrá fyrir Höfða á Höfðaströnd. Sept. 2001.

**Höfði 146547 341 - 37**
Sérheiti: Höfðagerði
Hlutverk: Tóft
Tegund: Tóft
Staðsetning: N: 65, 58, 36 (-659767). V: 19, 24, 6 (-194017)
Þvermál: 1 m
Hleðsluhæð: 1,50 m
Lengd: 10 m
Breidd: 7 m
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Hætta vegna framkvæmda
**Staðhættir**
Tóftin er innan reits fyrirhugaðs sumarbústaðar, um 1 m norðan við tóftina er túngarður.
**Lýsing**
Tóftin er grasivaxin og skiptist ógreinilega í fernt.

Dyr eru á móti austri og vestri.



Tóft sunnan við gamla túngarðinn í Höfðagerði.

**Heimildaskrá**
Jarðabók Árna Magnússsonar og Páls Vídalíns 9. bindi, 1930. Kh. Bls. 263.
Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða á Höfðaströnd. Sept. 2001.

**Höfði 146547 341 - 38**
Sérheiti: Höfðagerði
Hlutverk: Tóft
Tegund: Tóft
Staðsetning: N: 65, 58, 31 (-659753) V: 19, 24, 10 (-194028)
Þvermál: 1 m
Hleðsluhæð: 1,20 m
Lengd: 13 m
Breidd: 5 m
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Hætta vegna framkvæmda
**Staðhættir**
Tóft 38 er um 117 m til suðurs frá tóft 37. Tóftin er um 50 m suðaustan við lóðamörk á fyrirhuguðum sumarbústaðar-reit, austan við gamla reiðveginn þar sem hann liggur um þetta svæði.



Fjárhústóft.

**Lýsing**
Tóftin skiptist í þrennt og sést hvergi marka fyrir dyrum inn í hana. Hún er kafloðin af grasi eins og aðrar tóftir hér um slóðir.
**Heimildaskrá**

Jarðabók Árna Magnússsonar og Páls Vídalíns 9. bindi, 1930. Kh. Bls. 263.
Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða á Höfðaströnd. Sept. 2001.

**Höfði 146547 341 - 39**
Sérheiti: Höfðagerði
Hlutverk: Tóft
Tegund: Tóft
Staðsetning: N: 65, 58, 31 (-659753). V: 19, 24, 12 (-194033)
Þvermál: 1 m
Hleðsluhæð: 0,60 m
Lengd: 18 - 19 m
Breidd: 9 m
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Hætta vegna framkvæmda
**Staðhættir**
Tóft 38 er um 50 m frá lóðamörkum fyrirhugaðs sumarbústaðar.
**Lýsing**
Tóftin er 18 - 19 x 9 m, veggjaþykkt um 1 m, veggjahæð um 0,60 m.




Tóftin er tvö hólf. Dyr eru í austur.

**Heimildaskrá**
Jarðabók Árna Magnússsonar og Páls Vídalíns 9. bindi, 1930. Kh. Bls. 263.
Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða á Höfðaströnd. Sept. 2001.

**Höfði 146547 341 - 40**
Sérheiti: Höfðagerði
Hlutverk: Tóft
Tegund: Tóft
Staðsetning: N: 65, 58, 32 (-659756)
V: 19, 24, 12 (-194033)
Þvermál: 1 m
Hleðsluhæð: 0,40 m
Lengd: 14 - 15 m
Breidd: 7 m
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Hætta vegna framkvæmda
**Staðhættir**
Tóftin er í vestur frá tóft 39, um 40 m í suður frá lóðamörkum á fyrirhugaðri sumarbústaðarlóð, austan gamla reiðvegarins.




Tóftir peningshúsa austan við gamla reiðveginn.

**Lýsing**
Þetta eru vafalaust tóftir peningshúsa, fjárhúsa. Þarna eru sjáanlegar 3 krær og eru tvennar dyr í vestur, innangengt er á milli tveggja króa.
**Heimildaskrá**
Jarðabók Árna Magnússsonar og Páls Vídalíns 9. bindi, 1930. Kh. Bls. 263.
Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða á Höfðaströnd. Sept. 2001.

**Höfði 146547 341 - 41**
Sérheiti: Höfðagerði
Hlutverk: Tóft
Tegund: Tóft
Staðsetning: N: 65, 58, 36 (-659767) V: 19, 24, 8 (-194022)
Þvermál: 1 m
Hleðsluhæð: 1,50 m
Lengd: 9 m
Breidd: 6 m
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Hætta vegna framkvæmda
**Staðhættir**
Tóftin er um 10 m vestan við tóft 37. Hún er innan fyrirhugaðrar lóðar sumarbústaðar.



Djúp tóft peningshúsa í Höfðagerði.

**Lýsing**
Tóftin er grasivaxin, mjög djúp, tvískipt. Veggjaþykkt 1 m.
**Heimildaskrá**
Jarðabók Árna Magnússsonar og Páls Vídalíns 9. bindi, 1930. Kh. Bls. 263.
Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða á Höfðaströnd Sept. 2001.

**Höfði 146547 341 - 42**
Sérheiti: Höfðagerði
Hlutverk: Tóft
Tegund: Tóft
Staðsetning: N: 65, 58, 38 (-659772) V: 19, 24, 6 (-194017)
Hleðsluhæð: 0.20 m
Lengd: 12 m
Breidd: 7 m
Ástand: Slæmt
Hættumat: Hætta vegna framkvæmda
**Staðhættir**
Þessi tóft er um 17 m austan við tóft 36. Þær eru samhliða. Hún er innan lóðarmarka á fyrirhugaðri lóð sumarbústaðarins.
**Lýsing**
Tóftin er útflött og ekki er hægt að sjá nema útlínur útveggja.



Tóftin er samhliða tóft 36.

**Heimildaskrá**
Jarðabók Árna Magnússsonar og Páls Vídalíns 9. bindi, 1930. Kh. Bls. 263.
Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða á Höfðaströnd. Sept. 2001.

**Höfði 146547 341 - 43**
Sérheiti: Höfðagerði
Hlutverk: Torfbær
Tegund: Tóft
Staðsetning: N: 65, 58, 38 (-659772). V: 19, 24, 10 (-194028)
Þvermál: 1 - 2 m



Hleðsluhæð: 0,60 m
Lengd: 14 - 15 m
Breidd: 7 m
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Hætta vegna framkvæmda

**Staðhættir**

Leifar Höfðagerðisbæjarins eru sunnan við nýlagðan veg sem lagður var ofan á gamla slóð upp með Höfðaá. Tóftin er í norðvesturhorni fyrirhugaðar bústaðarlóðar.

**Lýsing**

Tóftin er mjög grasivaxin. Hleðsluhæð allt að 0,60 og veggjaþykkt 1 - 2 m. Hún er tvískipt og sést fyrir dyrum á móti vestri.

Þetta eru taldar vera rústir bæjarins í Höfðagerði.

**Heimildaskrá**

Jarðabók Árna Magnússsonar og Páls Vídalíns 9. bindi, 1930. Kh. Bls. 263.
Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða á Höfðaströnd. Sept. 2001.

**Höfði 146547 341 - 44**

Sérheiti: Höfðagerði
Hlutverk: Rétt
Tegund: Tóft
Staðsetning: N: 65, 58, 39 (-659775). V: 19, 24, 4 (-194011)
Þvermál: 1 - 1,50 m
Hleðsluhæð: 0,40 m
Lengd: 18 m
Breidd: 7 m
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Hætta vegna framkvæmda

**Staðhættir**

Tóftin er við nýlagðan veg sem liggur að fyrirhuguðu sumarbústaðarlandi.



Réttarleifar eru norðan við vegkant á nýjum vegi að fyrirhuguðum sumarbústaðareit.




**Lýsing**

Tóftin er grasivaxin. Hún er tvískipt (dilkur og almenningur). Ekki sést inngangurinn í hana.

**Heimildaskrá**

Jarðabók Árna Magnússsonar og Páls Vídalíns 9. bindi, 1930. Kh. Bls. 263.
Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða á Höfðaströnd. Sept. 2001.

**Höfði 146547 341 - 45**

Sérheiti: Höfðagerði
Hlutverk: Tóft
Tegund: Tóft
Staðsetning: N: 65, 58, 30 (-659750) V: 19, 24, 10 (-194028)




Þvermál: 1 m
Hleðsluhæð: 0,40 m
Lengd: 13 m
Breidd: 7 m
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Hætta vegna framkvæmda

**Staðhættir**

Tóftin er rétt fyrir austan tóft 39, um 30 m frá lóðamörkum á fyrirhugaðri sumarbústaðarlóð.

**Lýsing**

Tóftin er grasivaxin og alveg opin til austurs. Veggjaþykkt er um 1 m.

**Heimildaskrá**

Jarðabók Árna Magnússsonar og Páls Vídalíns 9. bindi, 1930. Kh. Bls. 263.
Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða á Höfðaströnd. Sept. 2001.

**Höfði 146547 341 - 46**

Sérheiti: Höfðagerði
Hlutverk: Túngarður
Tegund: Garðlag
Staðsetning: N: 65, 58, 37 (-659769) V: 19, 24, 4 (-194011)
Þvermál: 1 - 2 m
Hleðsluhæð: 1 - 2 m
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Hætta vegna framkvæmda

**Staðhættir**

Leif af löngum túngarði er austan við Kotstúnið (Höfðagerðistúnið) sem hefur náð frá á og inn að hólum þeim, sem nefndir eru Bræður og eru alllangt sunnan við Kot. Um 150 m af túngarðinum sem liggur í norður-suður, lenda innan fyrirhugaðrar lóðar sumarbústaðarins.

**Lýsing**

Túngarðurinn náði frá ánni og inn að hólum þeim sem nefndir eru Bræður.

**Heimildaskrá**

Jarðabók Árna Magnússsonar og Páls Vídalíns 9. bindi, 1930. Kh. Bls. 263.
Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða. Sept. 2001.



Enginn veit hvaða hlutverki þessi hleðsla þjónaði.
Hugsanlega var hún hluti af vatnsrás eða jarðbrú.

**Höfði 146547 341 - 47**

Sérheiti: Höfðagerði
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Hleðsla
Staðsetning: N: 65, 58, 31 (-659753)
V: 19, 24, 11 (-194031)
Lengd: 3 - 4 m
Breidd: 0,70 m
Ástand: Ómetið
Hættumat: Hætta vegna veðrunar og framkvæmda

**Staðhættir**
Hleðsla þessi liggur austur-vestur um 55 m utan við lóðarmörk á fyrirhuguðum sumarbústaðarreit. Þarna um liggur gamli reiðvegurinn.
**Lýsing**
Steinum hefur verið hlaðið eftir suður og norðurbakka og mynda rás í jörðina.
**Heimildaskrá**
Vettvangsathugun í júní 2003.

**Höfði 146547 341 - 48**
Sérheiti: Höfðagerði
Hlutverk: Reiðvegur
Tegund: Vegur
Staðsetning: N: 65, 58, 31 (-659753)
V: 19, 24, 11 (-194031)
Breidd: 2 m
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Engin hætta er á reiðveginum nema vegna framkvæmda, en gróður mun fyrr en síðar kaffæra hann.
**Staðhættir**
Reiðvegurinn liggur í norður - suður í gegnum Höfðagerði þar til hann kemur saman við gamla þjóðveginn sem liggur suðvestur - norðaustur. Hann er utan fyrirhugaðrar sumarbústaðarlóðar.
**Lýsing**
Vegurinn er mjög óljós á köflum, en sum staðar þó nokkuð greinilegur, sérstaklega þar sem hann kemur saman við gamla þjóðveginn.
**Heimildaskrá**
Jarðabók Árna Magnússsonar og Páls Vídalíns 9. bindi, 1930. Kh. Bls. 263.
Vettvangsathugun í júní 2003.


Myndin er tekin af gamla þjóðvegurinn. Þarna liggur hann á kafla í austur-vestur. Skáskorin eftir miðri myndinni út frá veginum eru gömlu reiðgöturnar.

**Höfði 146547 341 - 49**
Sérheiti: Höfðagerði
Hlutverk: Girðing
Tegund: Garðlag
Staðsetning: N: 65, 58, 39 (-659775) V: 19, 24, 5 (-194014)
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Hætta vegna framkvæmda
**Staðhættir**
Norðvestan við bæjarhólinn í Höfðagerði (43) sést undirhleðsla, vegghleðsla, sem verið hefur undir girðingu. Hún er norðan við nýjan veg sem liggur austur-vestur meðfram ánni.
**Lýsing**
Veggjahleðslan er um 20 m löng og 0,50 m breið. Hleðsluhæð er um 0,30 – 0,40 m. Garðurinn er grasivaxinn.
**Heimildaskrá**
Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða. Sept. 2001.

## 3.6 Fornleifar við Búðarhól / Höfðabúð

Búðahóll er á sama stað og áður hét Höfðabúð og dregur nafn sitt af sjóbúð sem svo hét og var í ábúð lengst af, en fór í eyði á seinni hluta 18. aldar eftir Móðuharðindin. Búsetuminjar frá og með 50 – 68 eru á Búðarhól, en tilheyra Höfða eins og aðrar minjar sem hér eru tíundaðar.

**Höfði 146547 341 - 50**
Sérheiti: Búðarhóll / Höfðabúð
Hlutverk: Torfbær
Tegund: Tóft
Staðsetning: N: 65, 58, 53 (-659814).V: 19, 24, 57 (-194158)
Þvermál: 1 m
Lengd: 17 m
Breidd: 12 m
Ástand: Ómetið
Horfin: já
Hættumat: Mikil hætta vegna landbrots




**Staðhættir**
Nyrst og vestast á Búðarhól er þessi tóft, alveg út við sjávarbakkann.
**Lýsing**
Tóftin er tvískipt. Hún var stærri, en sjávarbakkinn hefur hrunið niður og með honum hlutar tóftarinnar.
**Aðgerðir**
Æskilegar aðgerðir: Norður - suður veggur tóftarinnar er á sjávarbakkanum og fyrirsjáanlegt er að hann mun falla fram af áður en langt um líður þar sem holrúm er undir kantinum.
**Aðrar upplýsingar**
Búðarhóll var eyðihjáleiga frá Höfða árið 1709 sem ekki mátti byggja aftur nema til rýrðar heima-jörðinni. Landskuldin var 40 álnir í landaurum til heimabónda. Leigukúgildi 1 1/2. Leiga var greidd í smjöri. Kvaðir voru engar. Einungis mátti fóðra þær skepnur sem heimabóndi lagði gras til. Um 1740 hokraði í Höfðabúð Guðmundur Ólafsson, faðir séra Friðriks á Borg á Mýrum, sem segir m.a. frá í Ævisögu séra Jóns Steingrímssonar.
**Heimildaskrá**
Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 9. bindi, 1930. Kh. Bls. 264.
Séra Jón Steingrímsson, 1973. Ævisagan og önnur rit. Rvk.
Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða. Sept. 2001.
Túnakort frá 1917.

**Höfði 146547 341 - 51**
Sérheiti: Búðarhóll
Hlutverk: Fjárhús
Tegund: Tóft
Staðsetning: N: 65, 58, 55 (-659819). V: 19, 24, 54 (-194150)
Þvermál: 1 m
Hleðsluhæð: 0,40 m
Lengd: 13
Breidd: 9 - 10
Ástand: Sæmilegt
Horfin: Að hluta
Hættumat: Hætta er helst af völdum framkvæmda

**Staðhættir**

Tóftin er um 10 m í austur frá tóft 50, sem er alveg við sjávarbakkann.

**Lýsing**

Aðal tóftin er 9 -10 m x 13, veggja þykkt 1 m, veggjahæð allt að 0,60 m Tóftin er 3 hólf. Í austur frá tóftinni er 2 veggjapartar 5 m langir sem liggja samhliða með 2 m millibili frá suðurhlið tóftarinnar. Þá liggur 3. veggjaparturinn sem er 6 m langur, út frá honum og liggja óljós veggjabrot til beggja hliða.



Fjárhúsin á Búðarhöfða, sem teikningin hér fyrir ofan sýnir, voru um 10 m austan við bæinn.

**Heimildaskrá**

Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða. Sept. 2001.
Túnakort frá 1917.

**Höfði 146547 341 - 52**
Sérheiti: Búðarhóll
Hlutverk: Fjárhús
Tegund: Tóft
Staðsetning: N: 65, 58, 53 (-659814) V: 19, 24, 53 (-194147)
Þvermál: 1 m
Hleðsluhæð: 0,40 m
Lengd: 10 m
Breidd: 8 m
Ástand: Sæmilegt

Teikningin til hægi er af fjárhúsum nr. 52 við Búðarlaut.



Hættumat: Hætta

**Staðhættir**

Tóft þessi er við Búðarlaut sem er djúp laut í Búðarhólum.

**Lýsing**

Tóftin er 10 x 8 m og er tvö hólf grasivaxinn, dyr eru í austur.

**Heimildaskrá**
Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða á Höfðaströnd. Sept. 2001.



Horft af Búðarhóli yfir Búðarlaut til Þórðarhöfða.

**Höfði 146547 341 - 53**
Sérheiti: Búðarhóll
Hlutverk: Tóft
Tegund: Tóft
Staðsetning: N: 65, 58, 53 (-659814)
V: 19, 24, 54 (-194150)
Þvermál: 1 m
Hleðsluhæð: 0,40
Lengd: 9 m
Breidd: 5 m
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Lítil hætta
**Staðhættir**
Tóftin er suðaustur af Búðarlaut sem er djúp laut í Búðarhól.
**Lýsing**
Dyr eru í norður. Tóftin er grasivaxin.
**Heimildaskrá**
Rósmundur G. Ingvarsson.
Örnefnaskrá fyrir Höfða Sept. 2001.




Suðaustan við Búðarlaut eru tóftir tveggja króa búpeningshúsa.

**Höfði 146547 341 - 54**
Sérheiti: Búðarhóll
Hlutverk: Tóft

Tegund: Tóft
Staðsetning: N: 65, 58, 53 (-659814).
V: 19, 24, 54 (-194150)
Þvermál: 1 m
Hleðsluhæð: 0,40 m
Lengd: 12 m
Breidd: 6 m
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Lítil hætta
**Staðhættir**
Tóftin er 5 - 7 m vestur af tóft 54 á Búðarhól.
**Lýsing**
Tóftin er tvískipt og óljósar dyr eru á milli krónna. Aðrar dyr sjást ekki í tóftinni.
**Heimildaskrá**
Rósmundur G. Ingvarsson.
Örnefnaskrá fyrir Höfða á Höfðaströnd. Sept. 2001.




Þessi tóft er við kragann á Búðarlaut, stutt fyrir vestan tóft n. 53 um 60 - 70 metra frá Siglufjarðarvegi.

**Höfði 146547 341 - 55**
Sérheiti: Búðarhóll
Hlutverk: Tóft
Tegund: Tóft



Staðsetning: N: 65, 58, 53 (-659814). V: 19, 24, 55 (-194153)
Þvermál: 1 m
Hleðsluhæð: 0,30 m
Lengd: 8 m
Breidd: 4 m
Ástand: Ómetið
Horfin: Að hluta
Hættumat: Hætta af völdum landbrots

Tóft á ystu brún sjávarbakkans norðan við bæjarrústirnar.

**Staðhættir**
Tóftin er á ystu brún sjávarbakkans samhliða bænum (tóft 50) um 100 m norðar.
**Lýsing**
Stór hluti tóftarinnar hefur hrunið fram af sjávarbakkanum. Þarna er holbakki undir og því má búast við meira hruni úr tóftinni.
**Heimildaskrá**
Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða á Höfðaströnd. Sept. 2001.

**Höfði 146547 341 - 56**
Sérheiti: Búðarhóll
Hlutverk: Rétt
Tegund: Tóft
Staðsetning: N: 65, 58, 51 (-659808). V: 19, 24, 50 (-194139)
Þvermál: 1-1.50 m
Hleðsluhæð: 0,40 m
Lengd: 16 m
Breidd: 8 m
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Lítil hætta




**Staðhættir**
Tóftin er vestan þjóðvegarins niður af brekkum Búðarhóls til suðurs. Tjarnarstæði er norðan við tóftina.
**Heimildaskrá**
Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða á Höfðaströnd. Sept. 2001.



Réttin sunnan við uppþornaða tjörn upp við veginn.

**Höfði 146547 341 - 57**
Sérheiti: Búðarhóll
Hlutverk: Tóft
Tegund: Tóft
Staðsetning: N: 65, 58, 52 (-659811)V: 19, 24, 51 (-194142)
Þvermál: 1 m
Hleðsluhæð: 0,30 m
Lengd: 7 m
Breidd: 5 - 6 m
Ástand: Ómetið
Horfin: Að hluta
Hættumat: Lítil hætta
**Staðhættir**



Tóftin er vestur af Réttinni.

**Lýsing**

Tóftin er flöt og grasivaxin og ekki gott að sjá veggjaþykkt nema á einstaka stað.

**Heimildaskrá**

Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða á Höfðaströnd. Sept. 2001.

Tóftarbrot vestan við réttina (56).

**Höfði 146547 341 - 58**

Sérheiti: Búðarhóll
Hlutverk: Tóft
Tegund: Tóft
Staðsetning: N: 65, 58, 52 (-659811)
V: 19, 24, 51 (-194142)
Þvermál: 1 m
Hleðsluhæð: 0,20
Lengd: 11 m
Breidd: 5 m
Ástand: Slæmt
Hættumat: Lítil hætta




Tóft vestan við tóftir 56 og 57.

**Staðhættir**

Þessi tóft eru á hæð upp af tóftum 56 og 57, vestan við þær.

**Lýsing**

Tóftin er ógreinileg og vaxin grasi. Vel sést móta fyrir skilrúmi í syðri hluta tóftarinnar.

**Heimildaskrá**

Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða á Höfðaströnd. Sept. 2001.

**Höfði 146547 341 - 59**

Sérheiti: Búðarhóll
Hlutverk: Tóft
Tegund: Tóft
Staðsetning: N: 65, 58, 51 (-659808). V: 19, 24, 53 (-194147)
Þvermál: 1 - 2 m
Hleðsluhæð: 0,30 m
Lengd: 10 -11 m
Breidd: 5 m
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Mikil hætta




Þessi tóft er í brekkunni suður af tóft 58.

**Staðhættir**

Tóftin er suðvestur af tóft 58 í brekku á móti suðri.

**Lýsing**

Tóftin er mjög grasivaxin og óljós. Dauflega sést móta fyrir dyrum í tóftina og milliveggurinn er óljós.

**Heimildaskrá**

Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða á Höfðaströnd. Sept. 2001.

**Höfði 146547 341 - 60**

Sérheiti: Búðarhóll
Hlutverk: Tóft
Tegund: Tóft

Staðsetning: N: 65, 58, 51 (-659808) V: 19, 24, 19 (-194053)
Þvermál: 1 m
Hleðsluhæð: 0,70 m
Lengd: 11 m
Breidd: 5 m
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Lítil hætta

**Staðhættir**

Tóft þessi er norðvestanundir stórum hól sunnan við girðinguna, norðan við tóft nr. 53.

**Lýsing**

Tóftin er tvískipt. Ekki sést móta fyrir dyrum inn í tóftina. Hún er öll grasigróin og ógreinileg.




Norðvestan undir stórum hól, sunnan við girðinguna eru þessar tóftir.

**Heimildaskrá**

Rósmundur G. Ingvarsson.
Örnefnaskrá fyrir Höfða á Höfðaströnd. Sept. 2001.

**Höfði - 146547 341 - 61**

Sérheiti: Holuhóll
Hlutverk: Hola
Tegund: Hola
Staðsetning: N: 65, 58, 51 (-659808) V: 19, 24, 54 (-194150)
Lengd: 20 m
Breidd: 10 m
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta



Hola er í hólinn. Enginn veit hvers vegna, en hún virðist af gerð af manna höndum

**Staðhættir**

Sunnan við Búðarhólinn er hár en lítll stakur hóll. Ofan í hann er djúp laut eða hola sem engin skýring er á, en gæti hugsanlega verið heytóft.

**Lýsing**

Hóllinn er grasivaxinn og í hann hefur verið grafin nokkuð djúp hola um 4 x 3 að stærð og 1,2 m djúp.

**Heimildaskrá**

Rósmundur G. Ingvarsson.
Örnefnaskrá fyrir Höfða á Höfðaströnd. Sept. 2001.

**Höfði 146547 341 - 62**

Sérheiti: Búðarhóll
Hlutverk: Álagablettur
Tegund: Álagablettur
Staðsetning: N: 65, 58, 51 (-659808) V: 19, 24, 57 (-194158)
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta



**Staðhættir**
Álagabletturinn er lítil brekka á móti suðvestri og liggur að fjörunni neðarlega við túnið, sunnan í Búðarhól. Vestan við Holuhól.
**Aðrar upplýsingar**
Þau álög fylgja brekkunni að ekki megi slá hana. Sé það gert mun Höfðabóndinn verða fyrir skepnutjóni.
**Heimildaskrá**
Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða. Sept. 2001.

Álagabrekkan sunnan við Búðarhólstúnin.

**Höfði 146547 341 - 63**
Sérheiti: Búðarhóll / Þriggjamannaleiði
Hlutverk: Dys
Tegund: Dys
Staðsetning: N: 65, 58, 53 (-659814) V: 19, 24, 55 (-194153)
Lengd: 3 m
Breidd: 3 m
Ástand: Slæmt
Hættumat: Mikil hætta vegna landbrots



Þriggjamannaleiði horft til suðurs. Friðrik og Rósmundur standa við syðri mörk leiðisins.

**Staðhættir**
Þriggjamannaleiði er á bakkanum sunnan við tóftir af Búðarhólsbænum (50). Þar sést móta fyrir svolitlum þúfum á blábrúninni við fjörukambinn. Tímaspursmál er hvenær bakkinn hrynur fram. Hér er allt vafið grasi.
**Lýsing**
Frá leiðinu að sjávarbakkanum eru um 2,5 m. Steinn er vestast í dysinni, á kafi í grasi og ekki vel sýnilegur. Tóft bæjarins (50) er til norðurs í 5 metra fjarlægð.
**Aðrar upplýsingar**
Samkvæmt örnefnaskrá Björns í Bæ eru þarna husluð lík sem ráku af sjó og voru talin vera af útlendingum.
**Aðgerðir**
Af dysjasvæðinu brotnar jafnt og þétt úr sjávarbakkanum, þannig að alltaf minnkar bilið í dysina. Hætta er á að hún hrynji fram af sjávarbakkanum ef ekki verða gerðar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að svo fari.

**Heimildaskrá**
Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða á Höfðaströnd Sept. 2001.

**Höfði 146547 341 - 64**
Sérheiti: Búðarhóll
Hlutverk: Sjóbúð
Tegund: Tóft
Staðsetning: N: 65, 58, 51 (-659808). V: 19, 24, 57 (-194158)
Ástand: Slæmt
Hættumat: Mikil hætta vegna landbrots
**Staðhættir**
Lítill hóll er niðri við sjóinn syðst í Höfðahólum suður og



niður frá bænum. Hann kallast Búðarhóll og er kenndur við gamla sjóbúð sem þar var með því nafni.

**Lýsing**

Þarna er vallgrónar húsatóftir. Vel má sjá móta fyrir veggjabroti eins og tveimur stórum þúfum með opi á milli þeirra, líklega dyr sem hafa snúið í vestur í átt að sjónum. Óljós veggjabrot eru austur frá þessum þúfum.

Sjóbúðin er um það bil að falla fram af fjörukambinum.

**Heimildaskrá**

Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða á Höfðaströnd. Sept. 2001.

**Höfði 146547 341 - 65**

Sérheiti: Hvolfur
Hlutverk: Uppsátur
Tegund: Tóft
Staðsetning: N: 65, 58, 47 (-659797)
V: 19, 24, 57 (-194158)
Þvermál: 1m
Hleðsluhæð: 0,50 m 1 m
Lengd: 13 m
Breidd: 9 m
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Lítil hætta




**Staðhættir**

Á lítilli og lágri hæð á svokölluðum Höfðaflæðum er tóft sem heitir Hvolfur. Þetta er góðan spöl sunnan við Búðarhól. Þarna voru bátar settir upp.

Hvolfur. Tóftin er allt að 1 metra djúp. Á ljósmyndinni er horft til norðvesturs.



**Lýsing**

Tóftin er tvískipt. Minna rýmið er allt að einn metri að dýpt, en veggjahæð í stærri tóftinni er um hálfur metri. Dyr eru á til austur og norðaustur. Allt er umvafið grasi.

**Heimildaskrá**

Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða á Höfðaströnd Sept. 2001.

**Höfði 146547 341 - 66**

Sérheiti: Sjóbúð
Hlutverk: Sjóbúð
Tegund: Tóft
Staðsetning: N: 65, 58, 40 (-659778) V: 19, 25, 13 (-194203)
Þvermál: 1 m
Hleðsluhæð: 0,40 m
Lengd: 6 m



Breidd: 5 m
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Mikil hætta
**Staðhættir**
Sjóbúðartóftin er sunnan við veginn sem liggur út í Þórðarhöfða.
**Lýsing**
Tóftin er eitt rými með dyr í norður og austur. Hún er grasivaxin en þó sjást einstaka grjóthleðslur.
Sjóbúðin.
**Heimildaskrá**
Friðrik Antonsson bóndi Höfða, á vettvangi í júní 2003.

**Höfði 146547 341 - 67**
Sérheiti: Myllutóft
Hlutverk: Vatnsmylla
Tegund: Heimild
Staðsetning: N: 65, 58, 47 (-659797) V: 19, 24, 47 (-194131)
Ástand: Ómetið
Horfin: Já
**Staðhættir**
Í skurði sunnan við Búðarhólinn er Myllulækur og þar var Myllutóft. Þar er sagt að korn hafi verið malað fram um 1920.
**Lýsing**
Leifar myllukofans hurfu við skurðgröft. Nú sést ekkert af myllunni.
**Aðrar upplýsingar**
Séra Pálmi sem bjó á Höfða frá 1891-1909 malaði korn fyrir marga. Árið 1913 komu að Höfða Þórunn og Guðbrandur Eiríksson með 8 börn. Það var því stór hópur sem búið þurfti að framfleyta. Tók Guðbrandur oft að sér að mala fyrir sveitunga sína. Sjá frásögn í Skagfirðingabók 5. Bls. 199 - 200. Steinunn Guðmundsdóttir frá Bræðraá sagði skrásetjara örnefna að malað hefði verið í myllunni fram undir 1920.
**Heimildaskrá**
Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða á Höfðaströnd. Sept. 2001.
Skagfirðingabók 5. Bls. 199 – 200.

**Höfði 146547 341 - 68**
Hlutverk: Garður
Tegund: Garðlag
Staðsetning: N: 65, 58, 47 (-659797) V: 19, 24, 46 (-194128)
Þvermál: 0,50m
Hleðsluhæð: 0,40 m
Ástand: Sæmilegt
Hættumat: Lítil hætta nema af völdum framkvæmda, annars er hætt við að þessi garður eða garðar fari í kaf í gróður með tíð og tíma
**Staðhættir**
Á flatlendinu sunnan við Búðarhólinn eru garðar sem líkjast túngörðum en gætu jafnvel verið flóð- eða flæðigarður.
**Lýsing**
Garðurinn er þrískiptur og liggur einn armur hans í norðaustur um 200 m, annar í suðaustur um 50 m, og sá þriðji í norðvestur um 300 m.
**Heimildaskrá**
Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða. Sept. 2001.




Sunnan Höfðaár, sunnan og vestan við Höfðagerði eru heimildir um búsetu á Höfða.

## 3.7 Fornleifar utan túns, sunnan ár og norðan.

Utan þéttsetnustu svæðanna utan túns eru búsetuminjar sem skipta máli fyrir heildarmynd um búháttasögu jarðarinnar og taka þarf tillit til við skipulagsgerð.

**Höfði 146547 341 - 69**
Hlutverk: Mótekja
Tegund: Mannvirki
Staðsetning: N: 65, 58, 20 (-659722) V: 19, 24, 27 (-194075)
Ástand: Ómetið
Hættumat: Lítil hætta nema vegna gróðurs eins og er, en mikil ef vegurinn verður breikkaður eða færður
**Staðhættir**
Mótekja þótti ekki góð við Höfða. Þó var reynt að taka mó sunnan við Höfðagerði á landsvæði sem Siglufjarðarvegur liggur um sunnarlega í Torteiginum.
**Lýsing**
Grunnt var á mótekjuna á þessu svæði og hún var afar rýr.
**Aðrar upplýsingar**
Samkvæmt jarðalýsingu frá 1709 er móskurður til eldiviðar þá talinn þokkalegur. Á seinni tímum fengu Höfðabændur mó við Lónkot, í skiptum fyrir bitahaga í Höfðalandi.
**Heimildaskrá**
Friðrik V. Antonsson bóndi Höfða, á vettvangi í júní 2003.
Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín 9. bindi, 1930. Kaupmannahöfn.
Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða. Sept. 2001.

**Höfði 146547 341 - 70**
Sérheiti: Torteigur
Hlutverk: Tún
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Hættumat: Lítil hætta
**Staðhættir**
Milli ánna niður við Höfðavatn að mestu vestan núverandi þjóðvegar er skák sem heitir Torteigur. Þar var gamalt slægjuland frá Höfða og þótti þar þýft og torslægt.
**Aðrar upplýsingar**
Framburðurinn er Torteigur, en þetta gæti verið latmæli fyrir Torfteigur, hvað sem harðlendi þar líður. Nafnið gæti vísað til torf- eða mótekju.
**Heimildaskrá**
Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða á Höfðaströnd Sept. 2001.



Norðarlega í Höfðahólunum eru nokkrar minjar. Bærinn á Höfða er lengst til hægri.

**Höfði 146547 341 - 71**

Sérheiti: Málmeyjarseti
Hlutverk: Sel
Tegund: Tóft
Staðsetning: N: 65, 53, 16 (-658878). V: 19, 24, 16 (-194044)
Þvermál: 1 m
Hleðsluhæð: 1,10 m
Lengd: 8 - 9 m
Breidd: 8 - 9 m
Ástand: Gott
Hættumat: Lítil hætta

**Staðhættir**

Um 300 m frá Siglufjarðarvegi skammt sunnan við Knarrarbrekkur er Málmeyjarseti, grænn blettur sem sést af þjóðveginum. Þar eru leifar mannvirkja á litlum hól. Þetta er nokkuð djúp hringlaga tóft um 8 - 9 m. í þvermál .




**Lýsing**

Tóftin er ríflega metersdjúp. Dyr vísa til norðvesturs.

**Aðrar upplýsingar**

Þarna er sagt að kvíaærnar úr Málmey hafi verið hafðar í seli.

**Heimildaskrá**

Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða á Höfðaströnd. Sept. 2001.



Rósmundur örnefnaskrásetjari situr við austurhlið tóftarinnar í Málmeyjarseti.

**Höfði 146547 341 - 72**
Sérheiti: Knarrarbrekkur
Hlutverk: Örnefni
Tegund: Örnefni
Staðsetning: N: 65, 59, 17 (-659881) V: 19, 24, 18 (-194050)
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**

Knarrarbrekkur snúa mót suðri og ná frá sjó þónokkuð upp og austur í Höfðahólana, en Siglufjarðarvegur sker þær sundur. Mikil berjalönd eru á þessum slóðum.

**Aðrar upplýsingar**

Undan Knarrarbrekku við sjó, er sagt að Knörr



Horft til Knarrarbrekka úr vestri af Siglufjarðarvegi.

sonar Þórðar landnámsmanns hafi farist. Önnur sögn um nafnið tengist frásögn í Landnámu þar sem segir frá því að þeir börðust á þessum slóðum Knörr sonur Höfða-Þórðar og Alrekur sonur Þormóðs hins ramma af Siglunesi. Úti í sjónum þarna fram af heitir Knarrarboði. Knörr var níundi af ellefu sonum Höfða-Þórðar. Knörr er nafn á skipi og nafngiftin gæti einnig tengst því.

**Heimildaskrá**

Íslendinga sögur I. Landssaga og landnám, 1946. Bls. 153.
Örnefnaskrá Rósmundar Ingvarssonar fyrir Höfða. Sept. 2003.

**Höfði 146547 341 - 73**

Sérheiti: Gægir
Hlutverk: Álagablettur
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Horfin: Já

**Staðhættir**

Landslag hefur breyst í Knarrarbrekkum vegna vegalagninga. Meðal annars er horfinn Gægir sem var sérstæður steinn í bröttum melrööli við gamla veginn. Ýmsir töldu fleira á reiki við Gægi en mannlegt auga nam og hross hlupu þar oft út úr götu án sýnilegs tilefnis.

**Heimildaskrá**

Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða. Sept. 2001.

**Höfði 146547 341 - 74**

Hlutverk: Garður
Tegund: Heimild
Staðsetning: N: 65, 53, 48 (-658967) V: 19, 24, 2 (-194006)
Ástand: Ómetið
Horfin: Já

**Staðhættir**

Frá Þórislækjarós var bein stefna í austur á þetta gamla garðmót.

**Lýsing**

Þarna hefur verið grafinn skurður eftir endilöngu túninu frá sjávarbakkanum og er garðurinn horfinn í skurðinn.

**Aðrar upplýsingar**

Landamerkjaskrá fyrir Höfða í Hofshreppi frá júní 1889.

**Heimildaskrá**

Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða á Höfðaströnd. Sept. 2001.

## 3.8 Fornleifar á Höfðadal og í Höfðahvammi

Fornleifar nr. 75 - 96 hafa ekki verið staðsettar eða mældar.

**Höfði 146547 341 - 75**

Hlutverk: Landamerki / Varða
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Horfin: Já

**Staðhættir**

Austur frá Þórislækjarós við gamla garðmótið uppi í Sandvíkinni var varða.

**Lýsing**

Varðan og garðmótið eru horfin og ekki hægt að segja með vissu hvar hún hefur verið.

**Aðrar upplýsingar**

Landamerkjaskrá fyrir Höfða í Hofshreppi, frá júní 1889 eru taldar tvær merkjavörður.

**Heimildaskrá**

Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða á Höfðaströnd. Sept. 2001.

**Höfði 146547 341 - 76**
Hlutverk: Landamerki / varða
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Horfin: Já
**Staðhættir**
Varðan er horfin og ekki hægt að segja með vissu hvar hún hefur verið.
**Aðrar upplýsingar**
Landamerkjaskrá fyrir Höfða í Hofshreppi, frá júní 1889 getur um tvær merkjavörður upp frá Þórislækjarósi.
**Heimildaskrá**
Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða á Höfðaströnd. Sept. 2001.

**Höfði 146547 341 - 77**
Sérheiti: Stekkjarlaut
Hlutverk: Heimild
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
Horfin: já
**Staðhættir**
Vísbending er um að á Höfðadal þar sem heita Stekkjarmelur og Stekkjarlaut hafi ám og lömbum verið stíað sundur á fráfærnatíma.
**Heimildaskrá**
Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða. Sept. 2001.

**Höfði 146547 341 - 78**
Sérheiti: Hestavað
Hlutverk: Vað / Fjárgata / Reiðvegur
Tegund: Vegur
Ástand: Ómetið
**Staðhættir**
Efst í Höfaðhvammi var vað á Höfðaá.
**Aðrar upplýsingar**
Vaðið heitir Hestavað.
**Heimildaskrá**
Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða á Höfðaströnd. Sept. 2001.

**Höfði 146547 341 - 79**
Sérheiti: Stekkurinn
Hlutverk: Stekkur / Höfðasel
Tegund: Tóft + Gerði
Ástand: Ómetið
**Staðhættir**
Lautirnar skjólsælu norðan árinnar og upp að Dalsmynni nefnist Hvammur. Ofan þeirra er Stekkjarmelur. Ofan við Stekkjarmelinn endar gilið og við tekur hinn eiginlegi Höfðadalur. Neðst í honum, í skjólsælum hvammi norðanvert við ána er Stekkurinn, öðru nafni Höfðasel. Líklega hefur verið þarna sel og síðar stekkur. Þarna voru mjólkaðar ær um eða rétt eftir aldamótin 1900. Talsverðar mannvirkjaleifar eru þarna og er aðal tóftin um 19 x 7 metrar í tveim hólfum og mjög greinileg. Veggir eru allt að metra á hæð. Ein djúp tóft er sér, 3 x 8 m. Holur tvær eru vestan við aðal tóftina og er önnur þeirra djúp. Á milli er manngerð upphækkun. Austan við eru leifar af innrekstrar- eða fyrirstöðugarði.

**Heimildaskrá**
Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða á Höfðaströnd. Sept. 2001.

**Höfði 146547 341 - 80**
Sérheiti: Stekkjarlaut
Hlutverk: Örnefni
Tegund: Örnefni
Ástand: Ómetið
**Staðhættir**
Lautirnar skjólsælu norðan árinnar og upp að Dalsmynni nefnast Hvammur. Ofan þeirra er Stekkjarmelur og Stekkjarlaut.
**Heimildaskrá**
Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða á Höfðaströnd. Sept. 2001.

**Höfði 146547 341 - 81**
Sérheiti: Höfðasel
Hlutverk: Sel
Tegund: Tóft
Ástand: Ómetið
**Staðhættir**
Á Höfðadal er Stekkjarmelur. Þar er einnig Höfðasel.
**Lýsing**
Þarna sér fyrir tóftum. Sjá nr. 79.
**Heimildaskrá**
Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða. Sept. 2001.

**Höfði 146547 341 - 82**
Sérheiti: Kot(s)fjallsvatn
Hlutverk: Þjóðsaga
Tegund: Þjóðsaga
Ástand: Ómetið
**Staðhættir**
Uppi á Kotsfjalli er vatn sem aldrei þornar upp. Það eru gömul munnmæli, að í vatninu sé útburður og hafa stundum heyrst einkennileg hljóð þaðan. Þegar Friðrik Guðbrandsson var unglingur á Höfða, var hann einu sinni sem oftar í smalamennsku á þessum slóðum eða frammi á svonefndum Hjöllum, með Þorgrími bróður sínum. Þetta var að vori til í kyrrviðri, en sótþoku og sudda. Allt í einu heyra þeir hátt og skerandi hljóð og virtist þeim það koma frá vatninu, sem var skammt frá þeim, í vesturátt frá Hjöllum. Þeir gátu ekki áttað sig á hvaða hljóð þetta gæti verið, en þá heyrðu þeir það aftur, og var þá að heyra bæði nær en áður og sárara. Varð þeim mjög bilt við og datt í hug útburðurinn. Þá heyrðu þeir hljóðið í þriðja sinn svo sárt og hryllilega skerandi að þeir stukku á stað heimleiðis, lafhræddir.
**Heimildaskrá**
Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða á Höfðaströnd. Sept. 2001.

## 3.9 Fornleifar í Þórðarhöfða

Þórðarhöfði er kenndur við Þórð landnámsmann Bjarnarson byrðusmjörs, sem bjó á Höfða og var almennt kallaður Höfða - Þórður. Höfðinn er mikil og fögur náttúrusmíð, ávalur nokkuð og formfagur landmegin en hrikalegt standberg sjávarmegin. Hann er um það bil 5 ferkm. að flatarmáli og er talinn hafa myndast við eldgos undir ís. Á háhöfðanum er örnefnið Kambar. Gamlar sagnir nefndu þá Tröllakamba. Kambarnir mynda nokkurn boga og enda við Vatnadalsskarð að norðan. Herkonuskarð er að sunnan, en dalur nokkur myndast innan þessa ramma, sem heitir Vatnadalur. Vatnadalur liggur milli Tröllakamba

og Herkonukletts og er hann talinn vera gamall eldgýgur. Norðan Vatnadals liggur kambur allt austur að Vatnadalsskarði, sem kallaður var Skessuhryggur. Vatnadalshólar, eru í miðjum Vatnadal, en vestan við dalinn er Herkonukletturinn. Hann er í Bæjarlandi. Sunnan við hann er Herkonuskál, en norðan við er Herkonuhvammur og Herkonuvangi. Utan við Skessuhrygginn er grösugur þúfnaklasi sem ber vel af og sést víða. Fjárbeit hefur löngum þótt góð þar, þótt stundum hafi orðið þar tjón á skepnum, eins og haustið 1715 er þar fennti um 40 fjár. Um 1700 var töluvert æðarvarp í Þórðarhöfða - á fjöruparti.
**Heimildaskrá**
Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða á Höfðaströnd. Sept. 2001.

**Höfði 146547 341 - 83**
Hlutverk: Beitarhús
Tegund: Tóft
Ástand: Ómetið
**Staðhættir**
Beitarhús frammi á Þórðarhöfða. Beitarhús eru frá Höfða í Þórðarhöfða, nýuppsett, segir Davíð prestur í Felli í sóknalýsingu 1868.
**Aðrar upplýsingar**
Árið 1913 kom að Höfða Guðbrandur Eiríksson. Þórunn hét kona hans. Guðbrandur byggði beitarhús frammi í Þórðarhöfða og hafði féð þar framan af vetri og eins á vorin.
**Heimildaskrá**
Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá, Höfði Hofshreppur. Sept. 2001.

**Höfði 146547 341 - 84**
Sérheiti: Réttarnes
Hlutverk: Beitarhús
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
**Staðhættir**
Norðan við Gerðisvíkur er Gerðisvíkurnef. Austasta nesið heitir Réttarnes. Stundum kallað Húsanes.
**Aðrar upplýsingar**
Árið 1913 kom að Höfða Guðbrandur Eiríksson og Þórunn kona hans með 8 börn. Það var því stór hópur sem búið þurfti að framfleyta. En bæði var að búið var gott og Guðbrandur mikill bóndi. Hann byggði beitarhús frammi í Þórðarhöfða og hafði féð þar framan af vetri og eins á vorin. Mun ef til vill einhverju hafa ráðið að mikið strok var í fénu, sem hann kom með úr Ólafsfirði.
**Heimildaskrá**
Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða á Höfðaströnd. Sept. 2001.

**Höfði 146547 341 - 85**
Sérheiti: Brunnur
Hlutverk: Brunnur
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið
**Staðhættir**
Norðan í Höfðanum á Réttarnesi var brunnur.
**Heimildaskrá**
Bragi Skúlason Sauðárkróki.

**Höfði 146547 341 - 86**
Sérheiti: Þrælagerði
Hlutverk: Gerði

Tegund: Garðlag
Ástand: Ómetið
**Staðhættir**
Austanvert á höfðanum nær norðast þar sem vatnsbakkinn sveigir til austurs, eru Gerðisvíkur. Þar uppi á bakkanum eru fornar vegghleðslur og garðar sem heita Þrælagerði.
**Heimildaskrá**
Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða. Sept. 2001.

**Höfði 146547 341 - 87**
Sérheiti: Lambareksturinn
Hlutverk: Sögn
Tegund: Þjóðsaga
Ástand: Ómetið
**Staðhættir**
Steinunn Guðmundsdóttir á Bræðraá sagði frá því að eitt sinn er Jóhann Guðmundsson sem bjó á Höfða 1877 -1884 rak lömb út í Höfðann að vori til varð slys. Þegar lömbin voru á leið eftir rifinu út í höfðann sáu þau álftir á sundi í lóninu. Stukku þau þá út í og drukknuðu. Ætluðu menn að þau hefðu þóttst sjá mæður sínar þar sem álftirnar voru. Önnur útgáfa af sögunni segir að þau hafi fælst spegilmynd sína í vatninu.
**Heimildaskrá**
Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða á Höfðaströnd. Sept. 2001.

**Höfði 146547 341 - 88**
Sérheiti: Skúti
Hlutverk: Hellir
Tegund: Þjóðsaga
Ástand: Ómetið
**Staðhættir**
Niður við sjávarmál niður undan Herkonukletti er allstór hvelfing undir berginu er nefnist Skúti. Í botni hans er fjara og má lenda þar báti ef sjór er kyrr, en ekki mun vera skjólsamt þar þegar brimar.
**Heimildaskrá**
Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða á Höfðaströnd. Sept. 2001.

**Höfði 146547 341 - 89**
Sérheiti: Þórðartóftir
Hlutverk: Tóft
Tegund: Tóft
Ástand: Ómetið
**Staðhættir**
Utan við Skessuhrygginn er grösugur þúfnaklasi sem ber vel af sér víða sem heita Hvítublettir. Þar rétt við er gamalt tóftarbrot sem kallað var Þórðartóftir.
**Heimildaskrá**
Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða á Höfðaströnd. Sept. 2001.

**Höfði 146547 341 - 90**
Sérheiti: Skessuspor
Hlutverk: Þjóðsaga
Tegund: Þjóðsaga
Ástand: Ómetið
**Staðhættir**
Alllangt norðan við Herkonuklett og sjávarmegin í Höfðanum uppi undir brúninni, eru Skessusporin. Þjóðsagan segir að skessa ein úr Hvanndalabjargi heimsótti vinkonu sína í

Tindastóli. Ekki fór hún alfaraleið á heimleiðinni. Hún stökk af Tindastólnum, tyllti öðrum fæti á Drangey og hugðist stökkva þaðan á Þórðarhöfða, en henni fataðist stökkið, rak tærnar í bergið rétt neðan við brúnina og datt í sjóinn. Skessan er löngu úr sögunni, en táför hennar allvæn munu geymast í berginu meðan Þórðarhöfði stendur.

**Heimildaskrá**

Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða á Höfðaströnd. Sept. 2001.

**Höfði 146547 341 - 91**

Sérheiti: Kaplavík
Hlutverk: Sögn
Tegund: Þjóðsaga
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**

Nokkru norðan við Mávatorfur er Kögur, fallegur stuðlabergshöfði sem gengur þvert út frá berginu. Sunnan Kögurs er Kaplavík (Kapalvík). Hún er lítil og fremur þröng aðkreppt klettavík og brattur haugur eða berggangur langt upp í bjargið. Sagnir herma að þarna hafi hross hrapað fram af Höfðanum og mun nafnið tengjast þeim atburði.

**Heimildaskrá**

Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða á Höfðaströnd. Sept. 2001.

**Höfði 146547 341 - 92**

Sérheiti: Altari
Hlutverk: Huldufólksbústaður
Tegund: Þjóðsaga
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**

Á toppi Þórðarhöfða er forn eldgígur. Sagt er að í höfðanum séu byggðir huldufólks og þrír móbergsklettar sem þar eru eiga að vera altari, sölubúð og íbúð huldufólksins.

**Heimildaskrá**

Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða á Höfðaströnd. Sept. 2001.

**Höfði 146547 341 - 93**

Sérheiti: Gerðisvíkur
Hlutverk: Rúst
Tegund: Garðlag
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**

Gerðisvíkurbakkar og Gerðisvíkur eru austan á Þórðarhöfðanum og sést þar fyrir rústum, en ekki er vitað að þar hafi verið búið.

**Heimildaskrá**

Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða á Höfðaströnd. Sept. 2001.

**Höfði 146547 341 - 94**

Hlutverk: Hellir
Tegund: Þjóðsaga
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**

Víkin norðan á Þórðarhöfðanum milli Hellnaness og Réttarness heitir Hellnavík. Hellnavík og Hellnanes draga nafn sitt af helli sem er yst á nesinu vestan megin.

**Lýsing**

Hellirinn hefur minnkað mikið frá því sem áður var vegna ágangs sjávar.

**Heimildaskrá**

Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða á Höfðaströnd. Sept. 2001.

**Munnmæli**

Úr helli þessum voru samkvæmt þjóðsögum jarðgöng til Málmaeyjar. Eitt sinn fór smalamaður frá Höfða að hnýsast í þetta samgöngumannvirki huldufólksins. Voru göngin þá felld yfir hann og lét hann þar líf sitt,

**Höfði 146547 341 - 95**

Sérheiti: Hvítiblettur
Hlutverk: Tún
Tegund: Heimild
Ástand: Ómetið

**Staðhættir**

Þórðarhöfði er hömrum girtur á þrjá vegu. Austan á höfðann er vel fært því að þar eru aðeins brattir sandbakkar og gatan fram í Höfðann liggur þar. Hér um bil um miðjan Höfðann er dálítil graslaut sem heitir Hvítiblettur. Blettur þessi var stundum sleginn, því að hann spratt vel.

**Heimildaskrá**

Rósmundur G. Ingvarsson. Örnefnaskrá fyrir Höfða á Höfðaströnd. Sept. 2001.

## Samantekt

Skráðar voru 95 minjar í landi Höfða á Höfðaströnd og 75 voru staðsettar. Teiknaðar voru 37 tóftir og 52 mældar. Af þessum minjum voru 7 innan útmælds sumarbústaðasvæðis í Höfðagerði og tvær í norðurkanti svæðisins. Í mestri hættu eru minjar nr. 35 og 36, aðrar minjar innan svæðisins og fast við eru nr. 37, 40, 42, 43, 44 og 46. Þrjú meint kuml eru stutt fyrir austan útmæld lóðarmörk nr. 25, 27 og 28. Erfitt verður að koma fyrirhuguðum bústað niður þar sem honum hefur verið valinn staður á sjálfum bæjarhól hjáleigunnar Höfðagerðis sem hefur ekki verið í byggð frá 18. öld. Þarna eru óskertar þýðingarmiklar minjar hjáleigubúskapar með mikið minjagildi. Vegna þéttleika minjanna verður að gæta fyllstu varúðar við allt jarðrask, ef leyfi fyrir þessari staðsetningu verður veitt. Sérstaka aðgæslu þarf við frárennslis-, aðrennslis- og raflagnir, ef verða. Trjágróður á ekki heima á gamla bæjarhólnum.

Höfði er ein af landnámsjörðum okkar með langa og merka sögu og búsetuminjar eru enn vel geymdar og sýnilegar vítt og breytt um jörðina. Við hættumat á mörgum minjanna kemur fram að við metum hættuna mikla. Það er til að leggja áherslu á og ítreka að fara varlega við allar framkvæmdir á jörðinni, sem varðveitir óvenju margar merkilegar minjar um búsetu á löngum tíma.

En þótt mennirnir vilji er fátt sem stöðvar náttúröflin. Minjar sem eru að brotna fram af sjávarbökkum við Búðarhól þarf að skoða sem fyrst. Brim brýtur jafnt og þétt af tóftum á bæjarhólnum og rústir sjálfs bæjarins (nr. 50) eru hálfhrundar fram af sjávarbakkanum. Sama er að segja um Þriggjamannaleiði (nr. 63) sem er á bakkanum sunnan við Búðarhól. Þar sem brotnar árlega af bakkanum við fjöruna og bilið í dysina minnkar stöðugt. Það er nú 2,5 m. Hætta er á að Þriggjamannaleiði brotni fram af bakkanum á næsta áratug ef svo heldur sem horfir.

Innan sumarbústaðarlóðar í Höfðaseli upp með Höfðaánni að sunnan eru meint kuml fornmanna sem nauðynlegt er að vekja athygli á og verja. Jafnvel ætti að fara fram könnun á hvort um kuml sé að ræða.

Minjar Höfðamegin á Þórðarhöfða og upp með Höfðaá og á Höfðadal hafa ekki verið staðsettar og mældar. Þær þarf að staðsetja og skoða ef farið verður í skipulagsgerð á þeim svæðum.

## Heimildaskrá

**Jarða - og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781 – 1958** 4. hefti, 1959. Rv.
**Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín** 9. bindi, 1930. Kaupmannahöfn.
**Landamerkjaskrá fyrir Höfða í Hofshreppi** , dags. 24. júní 1889.
Friðrik Guðbrandsson 1938. **Örnefnaskrá Margeirs Jónssonar fyrir Höfða** , skrásett í des 1938.
**Sýslu - og sóknalýsingar, II Skagafjarðarsýsla**, 1954. Akureyri.
Gísli Magnússon, 1970. *Sala Hólastólsjarða 1802* (95-164 / bls 140)) **Skagfirðingabók 5.** Akureyri.
Hallgrímur Jónasson, 1946. **Árbók Ferðafélags Íslands. Skagafjörður**. Reykjavík.
**Skjöl úr syrpum Björns í Bæ** .
Björn Jónsson í Bæ, 1975. **Örnefnaskrá fyrir Höfðaströnd**. Örnefnastofnun.
Björn Jónsson í Bæ, óársett. **Örnefnaskrá fyrir Grafargerði** o. fl. Örnefnastofnun.
Axel Þorsteinsson í Litlu – Brekku, óársett. **Helstu örnefni við Höfðavatn**.
Kristmundur Bjarnason, 1998. **Skagfirzkur annáll 1847 – 1947, I og II**. Reykjavík.

**Aðrar heimildir:**
Friðrik Valgeir Antonsson, f. 31. 01. 1933, bóndi Höfða, Höfðaströnd.
Landmælingar Íslands. Höfði. Loftmynd N 5216 / 417725 í mælikv. 1:4000, frá 17.8.1996.